



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

# ÁRSSKÝRSLA 2019



# Efnisyfirlit

<b>Ávarp forstjóra</b> . . . . .	<b>5</b>
<b>Almennt um Póst- og fjarskiptastofnun</b> . . . . .	<b>8</b>
Stefna og markmið PFS . . . . .	8
Skipulag og starfsemi deilda . . . . .	9
<b>Starfsemi PFS 2019</b> . . . . .	<b>11</b>
Málsmeðferðartími og fjöldi mála í málaskrá . . . . .	11
Samstarf og samráð . . . . .	12
Ýmsar lykiltölur 2019 . . . . .	13
<b>Útgefið efni</b> . . . . .	<b>14</b>
Leiðbeiningar um túlkun skilyrða fyrir skráningu fjarskiptafyrirtækja . . . . .	14
Tölfræðiskýrslur PFS . . . . .	15
Samanburðartölfræði um fjarskiptanotkun í átta löndum. . . . .	15
<b>Fjarskiptamarkaður</b> . . . . .	<b>16</b>
Eftirlit með fjárhagslegum aðskilnaði	
Gagnaveitu Reykjavíkur frá Orkuveitu Reykjavíkur . . . . .	16
Skilvirk nýting tíðna – afturköllun á tíðniheimild Yellow Mobile B.V. . . . .	17
Mikilvægir innviðir – Ákvörðun PFS varðandi úttekt á tækjarými Mílu í Örafasveit . . . . .	17
Uppbygging á 5G-netum og tilkoma IoT . . . . .	18
Gagnagrunnur almennra fjarskiptakerfa (GAF) og uppbygging farneta . . . . .	18
Eftirlit með ljósvakanum – truflanavakt PFS . . . . .	18
Aðgengi að fjarskiptapjónustu . . . . .	19
<b>Markaðsgreiningar PFS á fjarskiptamarkaði 2019</b> . . . . .	<b>20</b>
Framkvæmd markaðsgreininga má skipta í þrjá áfanga: . . . . .	20
Helstu verkefni á sviði markaðsgreininga á árinu 2019 . . . . .	21
Helstu verkefni vegna eftirlits með kvöðum á árinu 2019 . . . . .	21
<b>Póstmarkaður</b> . . . . .	<b>22</b>
Einkaréttur og alþjónusta . . . . .	22
Ýmis viðbótargjöld Íslandspósts ohf. . . . .	23
Bókhaldslegur aðskilnaður og kostnaður vegna alþjónustu . . . . .	23
<b>Markaðsgreiningar PFS á póstmarkaði 2019</b> . . . . .	<b>25</b>
Gjald á erlendar póstsendingar . . . . .	25
<b>Net- og upplýsingaöryggi</b> . . . . .	<b>26</b>
Starfsemi netöryggisveitarinnar CERT-IS. . . . .	26
<b>Neytendamál</b> . . . . .	<b>27</b>
Hreyfanleiki neytenda á fjarskiptamarkaði og bindisamningar . . . . .	27
<b>Lagalegt umhverfi</b> . . . . .	<b>28</b>
Ný lög um öryggi net- og upplýsingakerfa mikilvægra innviða . . . . .	28
Stjórnsýsluákvæðanir PFS 2019 . . . . .	29
Yfirlit yfir ákvæðanir PFS á árinu 2019 . . . . .	29
Úrskurðir Úrskurðarnefndar fjarskipta og póstmála. . . . .	41
<b>Efnahagsreikningur 31. desember 2019</b> . . . . .	<b>44</b>
<b>Skrað fjarskiptafyrirtæki í lok árs 2019</b> . . . . .	<b>46</b>



# Ávarp forstjóra | Hrafnkell V. Gíslason

## Aðgengi að háhraðanetum hér á landi

Til margra ára hefur það verið keppikefli íslenskra stjórnvalda að tryggja öllum landsmönnum aðgang að háhraðaneti á heimilum og vinnustöðum. Stór hluti landsmanna er nú þegar með ljósleiðaratengingu á vegum markaðsaðila í þéttbýli höfuðborgarinnar, á suðvesturhorninu, á Akureyrarsvæðinu og á vegum verkefnisins Ísland ljóstengt í strjálbýli landsins. Með þessu hefur Ísland skipað sér í forystusveit ríkja heims hvað varðar aðgengi að ljósleiðaratengingum. Byggðakjarnar á landsbyggðinni hafa aðgengi að xDSL-þjónustu, en hafa flestir ekki enn verið ljósleiðaravæddir. Stofnunin tók þá ákvörðun fyrir nokkrum árum að leggja ekki verðkvöð á markaðsráðandi aðila á ljósleiðaraheimtaugar í þeirri viðleitni að stuðla að uppbyggingu ljósleiðaraneta. Þrátt fyrir það hefur uppbygging verið af skornum skammti í áðurnefndum byggðakjörnum. Hins vegar kunna markaðsaðilar að hafa áhuga á því að byggja upp öfluga 5G háhraðaþjónustu í þessum byggðakjörnum.

## Óveðrið í desember

Í desember sl. gekk mikið óveður yfir landið norðan og austanvert. Olli það útfalli rafmagns á stórum svæðum um lengri tíma. Rafmagnsleysið orsakaði síðan víðtækt útfall fjarskipta þegar varaafli þraut. Stjórnvöld brugðust skjótt við og var stofnaður viðbragðshópur til að greina afleiðingar óveðursins og leiðir til að bæta úr. Ýmsar aðgerðir til úrbóta hafa þegar verið innleiddar eða eru í farvegi, t.d. efling varaafls á tilteknum fjarskiptastöðum, uppbygging

nýrra sendastaða og styrking á tengingum/stoðveitum. Hlutverk PFS þegar kemur til viðbúnaðar-ástands er ekki skýrt og eru þau mál til skoðunar hjá stjórnvöldum.

## Lög um pósthjónustu

Ný heildarlög um pósthjónustu voru samþykkt á Alþingi á árinu. Með þeim er einkaréttur Íslands-pósts á útburði 50 gr. bréfa afnuminn. Nokkurn tíma mun taka að innleiða nýjungar laganna, t.d. hvað varðar útnefningu vegna alþjónustu og þætti sem geta stuðlað að þróun samkeppni á pósthjónustu. Því birti stofnunin bráðabirgðaákvörðun sína í árslok um að ÍSP skyldi veita alþjónustu um allt land þar til málsmeðferð um útnefningu alþjónustuhafa er lokið.

Annað nýmæli í nýjum pósthjónugum kom inn við lokavinnslu frumvarpsins en það er lögleiðing á sama verði allra þátta alþjónustu um allt land. Þetta þýðir að bréfum og pökkum allt að 10 kg er dreift á sama verði um land allt. Með þessu er stigið stórt skref í þá átt að jafna aðstöðu allra landsmanna hvað varðar pósthjónustu. Hins vegar kann að vera vandasamt að útfæra þetta ákvæði í samhengi við þann megintilgang laganna að efla samkeppni í pósthjónustu.

## NIS lögin

Á árinu voru samþykkt lög um net- og upplýsingaöryggi mikilvægra innviða, almennt kölluð NIS lögin. Með þeim er stigið mikilvægt skref fram á við í skipulagi og viðbúnaði stjórnvalda hvað varðar

netöryggi mikilvæga innviða landsins. Með lögum er kveðið á um að stórefla starfsemi netöryggisveitarinnar CERT-IS. Jafnframt er samhæfingarhlutverk PFS vegna netöryggis mikilvægra innviða eftirverulega. Lögin taka gildi 1. september 2020.

Staða Íslands þegar kemur að skipulögðum aðgerðum stjórnvalda varðandi netöryggi mælist ekki góð í alþjóðlegu samhengi. Nú er notkun upplýsingatækni og fjarskipta á Íslandi með því mesta sem gerist í heiminum. Því er það áhættuþáttur fyrir samfélagið hversu veik þessi staða er og hversu sein íslensk stjórnvöld hafa verið að gera raunverulegar umbætur hvað þetta varðar. Þó svo að netöryggisveitin hafi verið til staðar undanfarinn áratug eða svo þá hafa fjármunir og lagaumhverfi hamlað uppbyggingu. Nú hefur lagaumhverfið tekið mikilvægum breytingum framá við og vonandi munu fjármunir fylgja til að hægt sé að standa við skyldur laganna og Ísland standi jafnfætis nágrannalöndunum í aðgerðum stjórnvalda hvað netöryggi varðar innan fárra ára.

## Tíðnisvið fyrir farnet

Á árinu var birt niðurstaða umræðuskjals fyrir farnetsþjónustu og úthlutun tilheyrandi tíðna árin 2019 til 2025. Í niðurstöðum umræðuskjalsins kom m.a. fram sú fyrirætlun stofnunarinnar að ráðstafa tíðnum fyrir nýja farnetsþjónustu á 5G. Umsókn barst um tíðniheimild á 3,6 GHz tíðnisviðinu á árinu og hófst því undirbúningur úthlutunar þeirrar tíðni í framhaldi af því. Í ljósi þess að um  $\frac{3}{4}$  tíðniheimilda fyrir farnet mun renna út á árunum 2022 og 2023 mun stofnunin hefja undirbúning ráðstöfunar þessara tíðnisviða strax á árinu 2020. Sennilegt er að ráðstöfunin muni felast í endurúthlutun tíðna til núverandi tíðni-rétthafa, þar sem við á og áhugi er fyrir hendi, en þar sem það á ekki við má almennt gera ráð fyrir uppboði tíðniheimilda fyrir farnet. Gera má ráð fyrir að skilmálar tíðniheimildanna verði ítarlega endurskoðaðir og munu þeir byggja á nýju regluverki fjarskipta, hafi það tekið gildi við úthlutun.

## Kóðinn og þróun innviða

Á árinu fór fram heildarendurskoðun fjarskiptalaga á grundvelli nýs regluverks ESB um fjarskipti, hins svokallaða Kóða. Frumvarpið var kynnt í samráðsgátt stjórnvalda og gert er ráð fyrir að hið nýja regluverk taki gildi árið 2021. Helsta nýjung hinna nýju fjarskiptalaga er sú að bætt er við nýrri meginstöð við regluverkið. Sú stoð snýr að uppbyggingu fjarskiptainnviða, einkallega 5G-farneta og ljósleiðarakerfa. Gera má ráð fyrir að uppbygging 5G-farneta fari fram á áratugnum 2020 til 2030. Í fyrstu munu nýjungar

birtast neytendum með bættri farnetsþjónustu, háhraða þráðlausum aðgangsnetum og auknum hraða tenginga. Til lengri tíma litið verða breytingarnar mun meiri, t.d. varðandi tengingar ýmiskonar tækja um farnet. Einnig er því spáð að alls kyns stýringar og samskipti milli skýjalausna og tækja verði algengar þegar líður á áratuginn. Til að anna stórauknum gagnaflutningi 5G-neta og reyndar einnig ljósleiðaraheimtauga þarf að efla stofnnet landsins verulega, bæði hvað varðar bandbreidd og öryggi. Að mati PFS þarf að skoða að útfæra nýjan, heildstæðan landshring ljósleiðara um landið allt. Það er mikilvægt út frá samkeppnissjónarmiðum, því skortur á aðgangi að ljósleiðarastrengjum getur hamlað samkeppni og atvinnuþróun á landsvísu, en einnig út frá sjónarmiðum rekstraröryggis, en æ mikilvægara verður að hafa aðgang að tveimur stofnnetum með aðskilinni lagnaleið.

Við blasir að þessi uppbygging innviða mun kosta stórfé. Því eru ákvæði í hinu nýja regluverki sem eiga að liðka fyrir uppbyggingu markaðsaðila, t.d. með heimild um samstarf markaðsaðila og með ívilnun kvaða gegn uppbyggingu. Mikilvægt er að beiting þessara ákvæða varðveiti samkeppnisstig á markaði en gefi jafnframt kost á hagkvæmni í uppbyggingu með samstarfi þar sem það á við. Af þessu tilefni efndi PFS til samráðs með markaðsaðilum um samstarf og samvinnu við uppbyggingu. Niðurstöður samráðsins benda til þess að markaðsaðilar hafa áhuga á samstarfi um uppbyggingu og fram hefur komið opinberlega að markaðsaðilar hafi hafið viðræður um slíkt.

## Hlutverk markaðsgreininga er m.a. að jafna markaðsstöðu


Í gegnum tíðina hefur Síminn sett fram fullyrðingar um að PFS vilji rýra markaðshlutdeild félagsins án þess að hafa til þess lagastoð. Núverandi evrópskt fjarskiptaregluverk byggir á þremur meginstöðum; að efla innri markað Evrópusambandsins, að stuðla að vernd neytenda og að efla samkeppni. Að efla samkeppni er því eitt helsta markmið bæði regluverksins og íslenskra fjarskiptalaga. Meginverkfæri evrópskra fjarskiptaeftirlitsstofnana til að efla samkeppni eru markaðsgreiningar, en þar er staða fjarskiptamarkaðarins metin og skorið úr um það hvort einhver aðili sé með umtalsverðan markaðsstyrk (markaðsráðandi) á heildsölustigi. Ef tiltekinn aðili er útnefndur með umtalsverðan markaðsstyrk eru lagðar á hann kvaðir til að jafna samkeppnisstöðuna. Mat á umtalsverðum markaðsstyrk fer fram í samræmi við ákvæði V. kafla fjarskiptalaga eftir samevrópskri, formlegri og skjalaðri aðferðar-

fræði, og eru allar markaðsgreiningar rýndar bæði af Samkeppniseftirlitinu og ESA. Þær kvaðir sem leiða af útnefningu á umtalsverðum markaðsstyrk tiltek-  
ins markaðsaðila eru til þess ætlaðar að rétta stöðu annarra fjarskiptafyrirtækja á markaði gagnvart aðila með umtalsverðan markaðsstyrk og að jafna þannig samkeppnisstöðu á tilteknum hluta fjarskiptamark-  
aðarins. Þessar aðgerðir geta leitt til þess að aðili með umtalsverðan markaðsstyrk tapar markaðshlutdeild

og má segja að það geti verið óhjákvæmileg og jafn-  
vel innbyggð afleiðing regluverksins. Það er því rétt að beiting kvaða í framhaldi af markaðsgreiningum getur rýrt markaðshlutdeild Símans í þeim tilfell-  
um þar sem félagið hefur umtalsverða markaðshlut-  
deild; það er beinlínis hlutverk regluverksins að jafna markaðsstöðu. Því fer hins vegar víðs fjarri að beiting regluverksins með þessum hætti hafi ekki skýra laga-  
stöð.

# Almennt um Póst- og fjarskiptastofnun

Forstjóri Póst- og fjarskiptastofnunar er Hrafnkell V. Gíslason. Framkvæmdastjórn er skipuð forstjóra og forstöðumönnum deilda. Hjá stofnuninni eru 27 stöðugildi.



## Stefna og markmið PFS

### Leiðarljós

- PFS stuðlar að virkri samkeppni á öllum mörkuðum sem stofnunin þjónustar og opnar þar með slíka markaði fyrir tækni- nýjungum og gerir þá gagnsærri og eftir- sóknarverðari til fjárfestinga.
- Áhersla er lögð á að tryggja fjölbreytt vöru- framboð fyrir neytendur, að aðgengi sé gott og öryggi þjónustunnar þannig að kerfi virki alltaf og almenningur geti treyst á þau.
- Öryggis- og umhverfismál eru á Íslandi sam- ofin hagkvæmni og skilvirkni í póst- og fjar- skiptamálum og standast samanburð við það sem best gerist meðal nágrannaþjóða okkar.



- Áhersla er lögð á að PFS hafi innan sinna raða sérfræðinga sem til er leitað vegna fagmennsku sinnar og þekkingar og að þeir njóti óskoraðs trausts meðal hagsmunaaðila, hvort sem er hjá póst- og fjarskiptamörkuðum eða stjórnvöldum.

## Gildi

Gildi PFS ramma inn vinnu stofnunarinnar og eru starfsmönnum stuðningur í forgangsroðun og áherslum hvort sem það snýr að samskiptum innan eða utan stofnunarinnar. Gildin eiga sér stoð í bæði hlutverki og framtíðarsýn þar sem þau eru hvatar sem styðja við framtíðarsýn.

- Traust - PFS vinnur við eftirlit þar sem traust er lykilatriði í öllum samskiptum við hagsmunaaðila á markaðnum. Stofnunin verður að njóta trúnaðar og trausts til að geta sinnt hlutverki sínu sem óháður aðili á markaði. Birtingarform getur m.a. verið áreiðanleiki, geta til að standa við áætlanir og heilindi í meðförum viðkvæmra upplýsinga.
- Fagmennska - Fagleg þjónusta á öllum sviðum skiptir miklu máli þannig að hagsmunaaðilar geti treyst því að unnið sé faglega á öllum sviðum starfseminnar, hvort sem er í greiningarvinnu, við mat á vafamálum eða í erlendum samskiptum fyrir hönd Íslands. Birtingarform fagmennsku er að fagleg vinnubrögð standist rýni ytri aðila, staðfesta og myndugleiki, gott viðmót og jákvæðni í samskiptum við alla aðila.
- Víðsýni - Þar sem PFS þarf að skoða mál út frá margvíslegum sjónarmiðum einstakra hagsmunaaðila er mikilvægt að starfsmenn stofnunarinnar hafi víðsýni til að bera og geti þannig sett sig í spor þeirra aðila sem málum tengjast. Einnig þarf stofnunin að sýna frumkvæði við öflun upplýsinga og notkun þeirra í starfi sínu. Birtingarform víðsýni felst m.a. í aðkomu ólíkra fagsviða að myndun lausna, frumkvæði við öflun upplýsinga, fordómaleysi og opnum huga.

## Stefnur sem PFS hefur sett sér um starfsemina:

- Stefna PFS
- Mannauðsstefna
- Öryggisstefna
- Samskiptamiðlastefna

- Jafnlaunastefna er í vinnslu
- Persónuverndarstefna er í vinnslu

## Skipulag og starfsemi deilda

**Greiningardeild** ber ábyrgð á markaðsgreiningum, álagningu og eftirfylgni fjárhagslegra kvaða fjarskiptafyrirtækja sem útnefnd hafa verið með umtalsverðan markaðsstyrk í framhaldi af því, þ.m.t. kostnaðargreiningum og bókhaldslegum aðskilnaði. Deildin safnar upplýsingum um verðlagningu og tölfræði og er ábyrg fyrir úrvinnslu og birtingu slíkra upplýsinga. Greiningardeild sinnir einnig ýmsum fjárhagslegum greiningum á póst- og fjarskiptamarkaði. Starfsmenn á árinu 2019 voru Óskar Þórðarson, forstöðumaður, og sérfræðingarnir Guðmann Bragi Birgisson, Hulda Ástþórsdóttir og Snorri Þór Daðason.

**Lögfræðideild** ber ábyrgð á vinnslu stjórnsýsluerinda, lausn deilumála, álagningu og eftirfylgni kvaða sem ekki eru fjárhagslegar, alþjónustu og neytendamálum. Jafnframt sér deildin um formleg alþjóðleg samskipti. Starfsmenn á árinu 2019 voru Björn Geirsson, forstöðumaður, sem einnig gegnir hlutverki staðgengils forstjóra þegar við á, Arnar Stefánsson, sérfræðingur, og lögfræðingarnir Friðrik Pétursson, Maríjon Ósk Nóadóttir, Sigurjón Ingvason, Unnur Kristín Sveinbjarnardóttir og Óskar Hafliði Ragnarson, sem einnig er hópstjóri faglegs teymis um markaðsgreiningar.

**Tæknideild** sér um skipulag og stjórnun tíðnimála og sinnir eftirliti með notkun ljósvakans. Hún hefur markaðseftirlit með fjarskiptatækjum, sinnir net- og upplýsingaöryggi, sér um söfnun og skráningu upplýsinga um fjarskiptainnviði ásamt landupplýsingavinnslu og sér um skoðun radióbúnaðar um borð í skipum. Tæknideild er einnig öðrum deildum til ráðgjafar varðandi tæknileg álitamál sem geta haft áhrif á eftirlitshlutverk stofnunarinnar. Starfsmenn á árinu 2019 voru Þorleifur Jónasson, forstöðumaður, Bjarni Sigurðsson, sérfræðingur á sviði númeramála, tíðnimála og uppbyggingar og mælingar á dekkun fjarskiptaneta, Hörður R. Harðarson, sérfræðingur um tíðnimál, skipaskoðunarmennirnir Jósef Kristjánsson og Óskar Sæmundsson, sem einnig sáu um mælingar á dekkun fjarskiptaneta á vegum, Lilja Bjargey Pétursdóttir, sérfræðingur á sviði korta- og landupplýsinga, og Hjalti Pálmason, sérfræðingur um virkni og öryggi fjarskiptaneta, tíðnimál og gæðamælingar. Einn nýr starfsmaður hóf störf á árinu, Sigurður Ísleifsson, sérfræðingur fjarskiptaftirlits. Breytingar urðu einnig í starfsliði netöryggissveitarinnar CERT-IS sem heyrir undir tæknideild.

Hún er áfram skipuð þremur sérfræðingum auk forstöðumanns tæknideildar. Sveitina skipuðu á árinu Kristján Valur Jónsson og Soffía Jónsdóttir auk þess sem Ágúst Þór Tómasson kom tímabundið inn í stað Stefáns Fróðasonar sem hætti störfum. Þá var einnig ráðinn til starfa verkefnastjóri til að stýra innleiðingu á NIS-löggjöfni, Jón Smári Einarsson, en hann heyrir beint undir forstjóra.

**Rekstrardeild** sér um rekstrar- og fjármál, upplýsingakerfi, mannauðsmál, gæða- og skjalamál og kynningarmál og styður við allt innra starf stofnunarinnar. Af sérverkefnum deildarinnar árið 2019 má nefna vinnu við ISO 27001-vottun sem áætlað er að ljúki á vordögum 2020, vinnu við innleiðingu á persónuverndarstefnu og jafnlaunastefnu auk frágangs á skjalasafni stofnunarinnar. Forstöðumaður deildarinnar er Hrefna Ingólfssdóttir og aðrir starfsmenn eru Birna G. Magnadóttir, samskiptafulltrúi, Hanna Guðríður Daniélsdóttir, ritari, og Sigrún Davíðs, skjalastjóri.

**Starfsmannafélag PFS** er öflugur félagsskapur starfsmanna sem hefur það meginmarkmið að halda uppi góðum starfsanda og stemningu. Félagið vinnur í góðri samvinnu við stofnunina og stendur fyrir fjölbreyttum uppákomum reglulega yfir árið en áherslur eru mismunandi eftir árstíðum. Þá stendur starfsmannafélagið fyrir fræðslu- og kynningarferðum erlendis sem farnar eru þriðja hvert ár. Viðburðir á vegum starfsmannafélagsins árið 2019 voru meðal annars:

- Vorferð um Suðurland og leiðsögn í Skálholti
- Haustferð um Hafnarfjörð með leiðsögn
- Októberfest hjá PFS
- Jólhlaðborð
- Ýmsir minni viðburðir yfir árið

# Starfsemi PFS 2019

Aukin áhersla var lögð á innra starf stofnunarinnar á árinu. Hafin var vinna við ISO/IEC 27001-vottun sem áætlað er að ljúki á vordögum 2020. Verkefnið felst í því að yfirfara og kortleggja helstu ferla stofnunarinnar sem snúa að öryggi og stjórnun upplýsingakerfa, marka stefnur og tryggja áframhaldandi endurskoðun þeirra.


Innleiðing á GDPR stóð einnig yfir þetta ár og var þar unnið að vinnsluskram og öðru því sem þarf til að tryggja að meðferð persónuupplýsinga hjá stofnuninni fari eftir settum reglum.

Síðla árs 2019 var einnig hafin vinna við innleiðingu á jafnlaunavottun fyrir PFS.

Á árinu 2019 tók PFS 31 formlega stjórnsýsluákvörðun. Úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála kvað upp úrskurði í fjórum málum þar sem ákvarðanir PFS höfðu verið kærðar til nefndarinnar. Yfirlit yfir ákvarðanir og úrskurði er birt í kafla Stjórnsýsluákvæðanir PFS 2019.

## Málsmeðferðartími og fjöldi mála í mála-skrá

Á árinu 2019 voru skráð 1038 mál í málaskrá Póst- og fjarskiptastofnunar og er það álíka fjöldi mála og undanfarin ár eins og sjá má á súluritinu hér fyrir




neðan. Mál sem skráð eru í málaskrá eru af mjög margvíslegum toga, allt frá innsendum kvörtunum frá neytendum og kvörtunum vegna truflana, til frumkvæðismála stofnunarinnar sjálfar, auk mála sem tilheyra reglulegum störfum starfsmanna svo sem markaðs- og kostnaðargreiningar, úthlutanir tíðna, útgáfa leyfisbréfa og skoðanir á fjarskiptabúnaði í skipum svo eitthvað sé nefnt.

Samkvæmt 12. gr. laga nr. 69/2003 um Póst- og fjarskiptastofnun er stofnunni gert að leysa úr kvörtunarmálum eins fljótt og við verður komið og eigi síðar en innan fjögurra mánaða, nema að sérstaklega standi á. Það er mikilvægt á síbreytilegum og kvikum samkeppnismarkaði að leysa hratt og örugglega úr ágreiningsmálum, án þess að slakað sé á kröfum um gæði.

Því er sérstaklega fylgst með afgreiðslutíma erinda sem stofnuninni berast. Unnið var út frá þeirri skilgreiningu að mál sem væru eldri en fjögurra mánaða frá stofnun þeirra í málaskrá skyldu teljast vera gul mál og mál sem væru eldri en átta mánaða yrðu merkt rauð.

Undir mælikvarða um málsmeðferðartíma falla 823 þeirra 1038 mála sem stofnuð voru á árinu 2019. Þegar þessar tölur eru teknar saman í upphafi árs 2020 hefur 812 þeirra verið lokað með afgreiðslutíma sem sjá má á súluritinu.



Ólokin erindi eru þannig 11 talsins og flest þeirra stofnuð undir lok árs 2019. Myndin sýnir að leyst er úr miklum meirihluta erinda, eða yfir 95% þeirra, innan þess 120 daga tímafrests sem bundinn er í lög.

## Samstarf og samráð

Í desember 2019 voru birtar í Stjórnartíðindum leiðbeinandi reglur Póst- og fjarskiptastofnunar og Samkeppniseftirlitsins um meðferð og úrlausn fjar-

skipta- og póstmála nr. 1001/2019. Um er að ræða endurskoðun á reglum sama efnis nr. 265/2001.

Á fjarskipta- og póstmörkuðum gilda sérstakar reglur er varða samkeppni. Á póstmarkaði hefur eftirlitið einkum lotið að afmörkun á alþjónustu og framkvæmd einkaréttar á póstdreifingu sem hefur áhrif á samkeppnisumhverfið á meðan reglur um samkeppni á sviði fjarskipta hafa haft þann tilgang að opna fyrir samkeppni á fjarskiptastarfsemi sem áður var í ríkiseinokun. Eftirlit Póst- og fjarskiptastofnunar samkvæmt þessum reglum hefur því að mestu leyti verið í formi markaðsmótunar sem horfir fram á við, þ.e. með því að skilgreina umfang alþjónustu, samþykkja gjaldskrár og í fjarskiptum að greina mismunandi undirmarkaði fjarskipta m.t.t. hvort þörf sé á að leggja kvaðir á fjarskipta-fyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk með það að markmiði að efla virka samkeppni. Í lögfræði er slíkt eftirlit sem horfir fram á við kallað ex ante eftirlit.

Framangreint eftirlit er frábrugðið því eftirliti sem í meginatriðum er ætlað að stöðva brot á samkeppnislögum, en slíkt eftirlit er kallað ex post eftirlit. Víðast hvar í Evrópu er þessu eðlisólíka eftirliti komið fyrir hjá aðskildum eftirlitstofnunum og hér á landi sér Póst- og fjarskiptastofnun því um eftirlit fram á við en Samkeppniseftirlitið um eftirlit sem horfir til baka og tekur á einstökum brotum.

Þegar eðli eftirlitsins er skoðað m.t.t. framangreindra sjónarmiða er sjaldgæft að upp komi tilvik sem valda vafa um það undir verksvið hvorrar stofnunarinnar þau falla. Markaðgreiningar og álagning kvaða, sem er eitt helsta eftirlitsverkefni Póst- og fjarskiptastofnunar á sviði samkeppni, eru til að mynda frumkvæðismál sem unnin eru eftir ítarlegum ákvæðum reglugerðar og leiðbeininga sem um það gilda. Inngrip Samkeppniseftirlitsins á fjarskiptamarkaði eru aftur á móti aðallega tilkomin

vegna kvartana um tiltekin brot á samkeppnis-  
lögum.

Til að taka af allan vafa um mögulega óljós valdmörk á milli Póst- og fjarskiptastofnunar og Samkeppnis-  
eftirlitsins hafa þessar tvær stofnanir sett sér leið-  
beinandi reglur um verkaskiptingu sem eiga að geta  
leyst úr einstaka markatilvikum. Eins og fyrr segir  
voru reglurnar fyrst settar árið 2001.

## Ýmsar lykiltölur 2019

### Tíðnum úthlutað

Hljóðvarps- og sjónvarpsstöðvar . . . . .	230
Fastasambönd (fj. linka) . . . . .	95
Farstöðvakerfi á VHF og UHF 50. . . . .	55
MF og HF . . . . .	1
Skammtímahljóðvarp . . . . .	55
Önnur tímabundin leyfi f. innl. aðila . . . . .	30
Tímabundin leyfi fyrir útlendinga. . . . .	200

### Númerum úthlutað

Fjöldi úthlutaðra númera . . . . .	2.843.440
------------------------------------	-----------

### Kvartanir vegna truflana

Kvartanir vegna truflana . . . . .	424
------------------------------------	-----

### Útgáfa leyfisbréfa fyrir radiótæki

Flugvélar . . . . .	86
Skip . . . . .	397
Landfarstöðvar á metrabylgju - VHF . . . . .	216
Landfarstöðvar á desimetrabylgju - UHF . . . . .	1
Landfarstöðvar á millibylgju - MF . . . . .	0
Handstöðvar á metrabylgju - VHF . . . . .	187
Handstöðvar á desimetrabylgju . . . . .	111
Landmóðurstöðvar á metrabylgju . . . . .	0
Landmóðurstöðvar á desimetrabylgju . . . . .	0
Neyðarsendir (PLB). . . . .	10
Boðtæki. . . . .	0

### Útgáfa skírteina fyrir notendur

Fjarskiptaskírteini, skip (GOC) . . . . .	97
Fjarskiptaskírteini, skip (ROC) . . . . .	38
Amatörar, innlendir . . . . .	10
Amatörar, erlendir . . . . .	0
Amatörar, ýmislegt. . . . .	10

### Skoðanir á bátum og skipum - skipting eftir landssvæðum

Reykjavík . . . . .	36
Norðvesturkjördæmi . . . . .	32
Norðausturkjördæmi . . . . .	33
Suðurkjördæmi . . . . .	41
Suðvesturkjördæmi . . . . .	18
Skip skráð erlendis . . . . .	27
Skip skoðuð erlendis/ekki af PFS . . . . .	11

Hafa þær reynst vel og í aðalatriðum staðist tímans  
tönn. Hins vegar var talið tímabært að taka reglurnar  
til endurskoðunar, m.a. í ljósi reynslunnar og þeirrar  
þróunar sem hefur orðið á verklagi stofnananna  
tveggja við meðferð mála á síðustu tæpum tveimur  
áratugum.

### Radíóbúnaðarskoðun í skipum og opnum vélbátum

Bátar styttri en 24 m skoðaðir af skoðunarstofum og Samgöngustofu . . . . .	1.207
Bátar lengri en 24 m og skip. . . . .	187
Skemmtibátar skoðaðir af eigendum . . . . .	80

### Skráðar landstöðvar

#### Fastastöðvar

Metrabylgjustöðvar (VHF) . . . . .	344
Desimetrabylgjustöðvar (UHF) . . . . .	53
Millibylgjustöðvar (MF-SSB) . . . . .	23
Boðtæki. . . . .	15

#### Farstöðvar í bifreiðum

Millibylgjustöðvar (MF-SSB) . . . . .	457
Metrabylgjustöðvar (VHF) . . . . .	6.734
Desimetrabylgjustöðvar (UHF) . . . . .	124

#### Handstöðvar og merkjasendar

Metrabylgjustöðvar (VHF) . . . . .	7.159
Desimetrabylgjustöðvar (UHF) . . . . .	1.795
Merkjasendar (vitar) . . . . .	44
PLB-neýðarbaujur (406 MHz) . . . . .	96
Ýmis búnaður . . . . .	166

#### Stöðvar í skipum

Millibylgjustöðvar (MF-SSB) . . . . .	11
Milli- og stuttbylgjustöðvar (Combined MF/HF) . . . . .	180
Metrabylgjustöðvar (VHF) . . . . .	3.068
Neyðartalstöðvar . . . . .	607
Radarsvarar (X-band) . . . . .	183
Radarsvarar AIS (VHF) . . . . .	63
Navtex . . . . .	208
Neyðarbaujur, frífljótandi (406 MHz) . . . . .	374
Neyðarbaujur í björgunarbátum og inni (406 MHz) . . . . .	2.460
Inmarsat B . . . . .	0
Inmarsat C . . . . .	217
Inmarsat M. . . . .	5
AIS (sjálfvirkt auðkenniskerfi) . . . . .	1.837

#### Úthlutun einkennisnúmera

Númer fyrir skip. . . . .	300
---------------------------	-----

# Útgefið efni

- Yfirlit yfir ýmis viðbótargjöld sem Íslandspóstur ohf. tekur vegna póstpjónustu PFS(19)14 – Desember 2019
- Jöfnunarsjóður alþjónustu – skýrsla fyrir árið 2018 PFS(19)13 – Desember 2019
- Greinargerð um sendingargjald á erlendar póstsendingar PFS(19)11 – Desember 2019
- Samráð um fyrirhugaða úthlutun á tíðniheimildum fyrir 5G PFS(19)10 – Desember 2019
- Niðurstöður úr samráði um farnetsþjónustu og úthlutun tilheyrandi tíðnisviða 2019–2025 PFS(19)09 – Desember 2019
- Fjarskiptamarkaður – Tölfræðiskýrsla PFS 1-6 2019 PFS(19)08 – Nóvember 2019
- Samráðsskjal vegna stefnu PFS um öryggi og virkni fjarskiptainnviða PFS(19)07 – Nóvember 2019
- Ný tölfræðiskýrsla fyrir árið 2018 um fjarskiptanotkun á Norðurlöndum og í Eystrasaltlöndunum – September 2019
- Samstarf og samnýting fjarskiptainnviða PFS(19)-04 – September 2019
- Leiðbeiningar um túlkun skilyrða fyrir skráningu fjarskiptafyrirtækja PFS(19)06 – Júlí 2019
- Tölfræðiskýrsla um íslenska fjarskiptamarkaðinn 2018 PFS(19)-03 – Júní 2019
- Samráð vegna umsóknar Mílu um alþjónustuframlag PFS(19)-02 – Maí 2019
- Jöfnunarsjóður alþjónustu – skýrsla um árið 2017 PFS(19)-05 – Mars 2019
- Umræðuskjal um stefnu PFS fyrir ákveðin tíðnisvið 2019–2025 PFS(19)-01 – Febrúar 2019

## Leiðbeiningar um túlkun skilyrða fyrir skráningu fjarskiptafyrirtækja

Samkvæmt fjarskiptalögum er fyrirtækjum sem hyggjast hefja fjarskiptaþjónustu eða starfræslu almenns fjarskiptanets skylt að tilkynna um þá fyrirhuguðu starfsemi til PFS. Við skráningu fyrirtækis í skrá stofnunarinnar um starfandi fjarskiptafyrirtæki öðlast fyrirtækið réttindi og ber skyldur samkvæmt fjarskiptalögum. Skilgreining á umræddum hugtökum, þ.e. fjarskiptaþjónusta og almennt fjarskiptanet, marka þannig efnislegt gildissvið fjarskiptalaga.

Af þessu sökum er mikilvægt að fyrir liggja skýr skilningur á inntaki þessara hugtaka og að framkvæmd á skráningu fjarskiptafyrirtækja taki fyllsta tillit til þeirra. Á síðasta ári tók PFS til endurskoðunar framkvæmd sína hvað varðar túlkun á þessum hugtökum í samhengi við skráningu fjarskiptafyrirtækja. Af því tilefni taldi PFS rétt að gefa út leiðbeiningar um það hvaða skilyrði þurfi að uppfylla til að fyrirtæki geti talist fjarskiptafyrirtæki og fengið skráningu sem slíkt.

Í leiðbeiningunum er gerð grein fyrir áherslubreytingu varðandi túlkun á því hvað teljist vera almennt fjarskiptanet sem standi notendum til boða við veitingu fjarskiptaþjónustu. Fjarskiptastarfsemi eða rekstur á fjarskiptaneti á vegum aðila til innri afnota væri ekki fjarskiptaþjónusta í skilningi fjarskiptalaga

og slíkt net teldist ekki vera almennt fjarskiptanet. Hér væri t.d. um að ræða aðila á borð við Veðurstofu Íslands sem ræki fjarskiptanet til veðurmælinga eða Landsvirkjun sem notaði fjarskiptanet til raforkustýringa. Slíkum aðilum væri ekki skylt að tilkynna um starfsemi sína og PFS bæri ekki að skrá slíka aðila.

Eitt af þeim viðmiðum sem horfa bæri til væri hvort fjarskiptaþjónustan væri boðin fram gegn endurgjaldi. Þótt það væri ekki tiltekið sem hugtaksskilyrði hvað varðar merkingu hugtaksins fjarskiptaþjónusta bæri alla jafna að ganga út frá því að um væri að ræða þjónustu sem boðin er fram gegn endurgjaldi, þ.e. byggji á viðskiptalegum forsendum, auk þess að standa öllum til boða, en ekki eingöngu afmörkuðum hópi. Ef sú væri ekki raunin um tiltekna fjarskiptaþjónustu þyrfti að fara fram ítarlegri skoðun á því hvort um væri að ræða þjónustu sem teldist til fjarskiptaþjónustu í skilningi fjarskiptalaga eða ekki.

## Tölfræðiskýrslur PFS

Tvisvar á ári safnar PFS upplýsingum frá skráðum fjarskiptafyrirtækjum hér á landi um ýmsar stærðir í rekstri og þjónustu á sviði fjarskipta. Upp úr þeim tölum vinnur stofnunin tölfræðiskýrslur sem sýna upplýsingar um helstu stærðir og fyrirtæki á íslenskum fjarskiptamarkaði. Koma skýrslurnar út tvisvar á ári, á öðrum ársfjórðungi fyrir allt árið á undan og fjórða ársfjórðungi fyrir stöðuna um mitt sama ár. Markmiðið er að bæta upplýsingagjöf og auka gagnsæi á þessum markaði og eru skýrslur PFS í samræmi við þær skýrslur sem systurstofnanir PFS í nágrannalöndum okkar gefa út. Skýrslurnar má nálgast á vef PFS: <https://www.pfs.is/fjarskipti/gagnatorg-pfs-og-tolfraedi/tolfraediskyrslur-pfs/>.


Tölfræðiskýrslan fyrir árið 2019 sýnir m.a. að fjöldi áskrifenda með heimasíma dregst áfram saman milli ára eða um rúm 7% og mínútum fækkar um tæp 15%. Netsímaáskrifendum (VoIP) fjölgar um 5% milli ára sem er m.a. vegna aukinnar lagningar á ljósleiðara og niðurlagningar á eldra heimasímakerfi (PSTN-kerfi) Símans. Síminn og Vodafone eru stærstu fyrirtækin á markaði fyrir heimasíma með um 92% hlutdeild í lok árs 2019.

## Samanburðartölfræði um fjarskiptanotkun í átta löndum

Árlega er gefin út tölfræðiskýrsla sem unnin er í samvinnu PFS og systurstofnana hennar á Norðurlöndum og í Eystrasaltlöndunum. Þar eru teknar saman sambærilegar tölur um notkun helstu þátta fjarskiptaþjónustu og þróun undanfarinna ára í löndunum átta. Á heildina litið er fjarskiptanotkun mjög


### Fjöldi Internettenginga

Markaðshlutdeild eftir fyrirtækjum



### Farsímaáskriftir

Markaðshlutdeild eftir fyrirtækjum



lík í þessum löndum og íbúar þeirra nýta sér sambærilega tækni á svipaðan máta. Þrátt fyrir það má þó víða sjá mun á notkun og þróun einstakra þátta.

Norrænu samanburðarskýrsluna er hægt að nálgast á vef PFS á slóðinni: <https://www.pfs.is/fjarskipti/gagnatorg-pfs-og-tolfraedi/norraenn-samanburdur-a-fjarskiptanotkun/>

Hægt er að nálgast ársskýrslur og annað útgefið efni PFS á vef stofnunarinnar á PDF-formi. <https://www.pfs.is/um-pfs/utgefid-efni/>

# Fjarskiptamarkaður

Fjarskiptamarkaðurinn á Íslandi sem og á heimsvísu tekur sífelldum breytingum eftir því sem tækni og lagalegt umhverfi þróast.

## Eftirlit með fjárhagslegum aðskilnaði Gagnaveitu Reykjavíkur frá Orkuveitu Reykjavíkur

Samkvæmt 36. gr. fjarskiptalaga skulu fjarskipta-fyrirtæki sem reka almenn fjarskiptanet eða veita almenna fjarskiptaþjónustu og njóta einka- eða sér-réttinda á öðru sviði en fjarskiptum halda fjarskipta-starfsemi sinni fjárhagslega aðskilinni frá annarri starfsemi eins og um óskyld fyrirtæki væri að ræða. Enn fremur skal þess gætt að samkeppnisrekstur sé ekki niðurgreiddur af einkaleyfisstarfsemi eða vernd-aðri starfsemi.

Í tilviki Gagnaveitu Reykjavíkur ehf. (GR) hefur eftirlit með fjárhagslegum aðskilnaði félagsins frá rekstri og annarri starfsemi Orkuveitu Reykjavíkur (OR) verið viðvarandi. Frá því að veitufyrirtækið stofnaði sérstakt dótturfyrirtæki um starfsemina sem tók til starfa í byrjun árs 2007 hefur PFS tekið fjölmargar ákvarðanir til nánari útfærslu á framkvæmd fjárhags-legs aðskilnaðar innan samstæðunnar.

Á fyrri hluta ársins 2019 lauk viðamikilli úttekt PFS á fjárhagslegum aðskilnaði hjá GR vegna rekstrarár-anna 2016–2017, sbr. ákvörðun PFS nr. 3/2019. Það var meginniðurstaða PFS að fjárhagslegur aðskilnaður OR og GR hafi verið í samræmi við ákvæði 36. gr. fjarskiptalaga, að undanskildum lánveitingum til GR í tengslum við sjóðspott OR-samstæðunnar. PFS

gerði einnig athugasemd við skilyrði lánastofnana í lánssamningum GR um eignarhald OR yfir GR. Taldi PFS því þörf á að setja kvaðir á GR um framkvæmd fjárhagslegs aðskilnaðar OR og GR um framangreind atriði.

Það var álit PFS að tilhögun fjármögnunar GR við OR væri grundvallaratriði varðandi markmið 36. gr. fjarskiptalaga um að tryggja fjárhagslegan aðskilnað milli félaganna. Því bæri að gera ríkar kröfur á félögin um tilhögun lánafyrirgreiðslu OR til GR.

Samkvæmt gildandi kvöðum PFS skyldu öll lán OR til GR uppfylla sams konar skilmála og væru í lánssamningum ótengdra lánastofnana og almennt gilda á markaði. PFS taldi að skuldir GR við tengd félög vegna framkvæmda á tímabilinu janúar til nóvember 2017 hefðu brotið í bága við ákvörðun PFS frá 13. nóvember 2006 og ákvörðun PFS nr. 25/2010 frá 7. september 2010. PFS gerði athugasemd við lánveitingu OR til GR og umfang hennar án þess að sérstakur lánssamningur hafi verið gerður í samræmi við þá skilmála sem almennt giltu á markaði um slíkar lánveitingar. Nauðsynlegt væri að tryggja að slík staða gæti ekki komið upp aftur á milli GR og samstæðu OR.

Stofnunin gerði einnig athugasemd við ákvæði í lánssamningum félagsins við lánveitendur um niðurfellingu og uppsögn samnings vegna breytinga á yfirráðum OR yfir GR. Samkvæmt lánssamningum væri lánveitendum heimilt að krefjast fyrirframgreiðslu, segja upp samningi eða gjaldfella hann ef eignarhlutur OR yfir GR færi undir 50%. Að mati PFS samrýmdu slíkt ákvæði í lánssamningi ekki 36. gr. laga um fjarskipti, þ.e. að OR skuli halda fjarskipta-



starfsemi sinni fjárhagslega aðskilinni frá annarri starfsemi eins og um óskyld fyrirtæki væri að ræða. Stofnunin taldi því rétt að umrætt skilyrði um meirihlutaeign OR yfir GR ætti ekki að vera í nýjum lánsamningum félagsins.

GR kærði þessa ákvörðun til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála sem staðfesti ákvörðun PFS, sbr. úrskurð í máli nr. 2/2019.

## Skilvirk nýting tíðna – afturköllun á tíðniheimild Yellow Mobile B.V.

Skipulag tíðnirófsins og úthlutun fjarskiptatíðna úr því byggir á tveimur meginskilyrðum, þ.e. að tíðniafnotin séu skilvirk og valdi ekki skaðlegum fjarskipta-truflunum. Fyrri atriðið tengist gjarnan kröfum sem PFS setur í tíðniheimildir um uppbyggingu fjarskiptaneta og útbreiðslu fjarskiptaþjónustu. Samhliða slíkum kröfum er ávallt tiltekið í skilmálum tíðniheimilda að nýting tíðninnar skuli vera skilvirk. Í því felst að fjarskiptaþjónusta skuli standa notendum til boða með virkum og aðgengilegum hætti.

Í kjölfar uppboðs á tíðniheimildum til að veita farnetsþjónustu, sem PFS hélt í maí 2017, fékk hollenska fjarskiptafyrirtækið Yellow Mobile B.V. (Yellow) úthlutaða tíðniheimild fyrir 2x10 MHz á 2600 MHz tíðnisviðinu. Tíðniheimildin var gefin út þann 7. júlí 2017. Samkvæmt skilmálum tíðniheimildarinnar bar rétthafa að hefja notkun tíðninnar innan 12 mánaða frá útgáfu hennar eða á síðasta lagi 7. júlí 2018. Með „notkun“ var sérstaklega tiltekið að átt væri við að fjarskiptaþjónustan væri virk og stæði almenningi til boða með aðgengilegum hætti í áskrift og/eða frelsisnotkun.

Eftir að Yellow hafði fengið framlengdan frest til að hefja þjónustu og ítrekaðan eftir rekstur af hálfu PFS um að félagið stæði við skuldbindingar sínar var tíðniheimild félagsins að lokum afturkölluð á síðasta ári, sbr. ákvörðun PFS nr. 18/2019.

Það var á hinn bóginn skilningur Yellow að félagið hefði staðið við skuldbindingar sínar með því að virkja einn farnetssemi sem sendi út á tíðnisviði félagsins ásamt símsstöðvarkóða þess. Með því stæði notendum þjónustan til boða. Meðal annars með tilliti til þessa kærði félagið fyrrgreinda ákvörðun PFS til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála (ÚFP).

Í úrskurði nefndarinnar í máli nr. 5/2019 var niðurstaðan sú að merking þeirra hugtaka sem notuð voru í tíðniheimildinni hafi ekki verið neinum vafa undirorpin. Það gæti ekki talist virk eða aðgengileg þjónusta þótt félagið hafi kveikt á einum sendi í starfsemi sinni á liðlega tveimur árum. Þar með taldi úrskurðarnefndin að tíðnir samkvæmt tíðniheimildinni hefðu

ekki verið komnar í notkun á þeim tíma sem hin kærða ákvörðun var tekin. Taldi úrskurðarnefndin að meira þyrfti að koma til og var það mat hennar að fjarskiptafyrirtæki yrðu að bregðast við athugasemdum eftirlitsaðila með trúverðugum hætti. Taldi nefndin að háttsemi og aðgerðir Yellow bentu til þess að félaginu hafi verið ljóst að það gengi gegn lögmætum tilmælum og athugasemdum PFS í málinu.

Þá var það jafnframt niðurstaða ÚFP sú að PFS hafi veitt Yellow sanngjarnan tíma til að uppfylla skilyrði tíðniheimildarinnar. Samskipti aðila um tveggja ára skeið hafi miðað að því að félagið gæti nýtt tíðniheimildina. Þá tiltók ÚFP, í ljósi ítrekaðra frestana og breytinga á áætlunum félagsins, að nefndin gerði ekki athugasemdir við að PFS hefði dregið þá ályktun að loforð og áætlanir Yellow væru ótrúverðugar og ekki í samræmi við skyldur félagsins.

Afturköllun á tíðniheimild Yellow vegna skorts á skilvirkri nýtingu og/eða vanefndum á uppbyggingar- og útbreiðslukröfum í skilmálum tíðniheimilda er í samræmi við fastskorðaða stjórnsluframkvæmd PFS til margra ára, sbr. fyrri ákvarðanir hennar nr. 26/2008, 28/2008 og 5/2010. Stjórnsluframkvæmdin felur það í sér að rétthafar tíðniheimilda hér á landi sem nýta ekki tíðnir með skilvirkum hætti og/eða vanefna verulega skuldbindingar um uppbyggingu fjarskiptaneta og útbreiðslu þjónustu geti átt von á því, að fengnum hæfilegum frestum og viðvörðunum, að PFS afturkalli tíðniréttindin bótafalaust.

## Mikilvægir innviðir – Ákvörðun PFS varðandi úttekt á tækjarými Mílu í Örafasveit

Í desember 2019 birti Póst- og fjarskiptastofnun ákvörðun nr. 28/2019 er varðar úttekt á tækjarými Mílu ehf. á náttúruvásvæði Örafajökuls.

Niðurstaða stofnunarinnar var sú að raunlæg vernd tækjarýmisins væri í samræmi við þær öryggisráðstafanir sem félagið hefði valið, sem og lágmarksviðmið 10. gr. reglna nr. 1222/2007 um virkni almennra fjarskiptaneta, sbr. 2. og 3. mgr. 47. gr. fjarskiptalaga nr. 81/2003. Mílu var þó gert að bregðast við athugasemdum stofnunarinnar sem töldust til frávika, sbr. úttektarskýrslu Póst- og fjarskiptastofnunar, sem var viðauki við ákvörðun ákvörðunina, innan fjögurra mánaða frá dagsetningu ákvörðunarinnar.

Úttektin var liður í fyrirbyggjandi eftirliti stofnunarinnar með raunlægri vernd fjarskiptainnviða. Áður hefur stofnunin framkvæmt úttektir á öðrum mikilvægum tækjarýmum Mílu, tækjarýmum landtöku-staða sæstrengja Farice ehf. og varaafli sendastaða farnetsrekenda á náttúruvásvæðum Kötlu og Örafajökli.

## Uppbygging á 5G-netum og tilkoma IoT

Ljóst er að 5G-þjónusta verður innleidd hérlendis á næstu misserum. Uppbygging 5G-farneta er áhersluatriði í nýju fjarskiptaregluverki ESB og í drögum að nýrri fjarskiptaáætlun Íslendinga, þar sem m.a. er kveðið á um að Íslendingar verði meðal forystuþjóða í hagnýtingu 5G. Því er spáð að langtímaáhrif þessara neta verði gríðarleg. Kemur það til af því að hlutverk 5G-neta er m.a. að tengja alls kyns tól og tæki við internetið. Þessi tæki munu sum búa yfir gervigreind og mikilli getu til að hafa veruleg áhrif á umhverfi sitt. Tæknigeta netanna er mjög mikil þannig að bera má þau saman við öflug fastanet að mörgu leyti. Samfélagið mun í auknum mæli reiða sig á þau tæki sem tengjast 5G og virkni þeirra. Samkeppnishæfi þjóða mun m.a. ráðast af því með hvaða hætti þær takast á við þessa umbreytingu og nýta sér hina nýju tækni til hagsbóta fyrir samfélagið.

Margt bendir til þess að við uppbyggingu innviða 5G-neta verði enn nauðsynlegra en áður að horfa til samfélagslegra sjónarmiða. Er þar einkum átt við uppbyggingu aðstöðu fyrir netin, samnýtingu aðstöðunnar og hlutverk opinberra aðila, þ.m.t. veghaldara, við uppbyggingu og rekstur slíkrar aðstöðu. Nauðsynlegt er að efla samtal milli markaðsaðila og hins opinbera hvað þetta varðar.

## Gagnagrunnur almennra fjarskiptakerfa (GAF) og uppbygging farneta

Vinna við uppbyggingu gagnagrunns almennra fjarskiptakerfa (GAF) er komin vel á skrið. Byggt er á opnum stöðlum og mun það tryggja meiri sveigjanleika til tenginga við önnur kerfi og þjónustur sem PFS mun geta veitt ýmsum hagsmunaaðilum í framtíðinni. Ný vefsíða sem tengist gagnagrunninum er í smíðum og er stefnt að því að fyrsta útgáfa verði tilbúin seinni hluta árs 2020.


## Eftirlit með ljósvakanum – truflanavakt PFS

Tíðnirófið er takmörkuð náttúruauðlind og nauðsynlegt er að nota það á skilvirkan hátt til að fjarskiptanet geti virkað truflanalaust. Fjarskiptatæki þróast hratt og það gerir kröfu um skilvirka stjórnun tíðnirófsins. Slíkt er lykilatriði til að tryggja samstillingu ýmissa radiókerfa, án þess að þau valdi truflunum hvert á öðru. Tíðnieftirlitið er eins og augu og eyru fyrir tíðniskipulagið og tíðniúthlutanir. Leyfð notkun tíðni samkvæmt tíðniheimildum er ekki trygging fyrir því að tíðnin sé notuð eins og heimild PFS segir til um. Tíðnir eru notaðar 24 tíma á sólarhring, sjö daga

vikunnar út allt árið. Flest fjarskiptafyrirtæki sem veita þjónustu á úthlutuðu tíðnisviði hafa 24 tíma eftirlit með þjónustunni. Enn var aukning á tilkynntum truflunum á árinu 2019 eins og undanfarin ár.


Árið 2019 rúmlega þrefaldaðist fjöldi truflana. Alls var sinnt 424 tilkynningum og truflunum, sem er töluvert meira en á árinu 2018. Reikna má með að fjöldi truflana verði mikill þar til slökkt hefur verið á fjölda bilaðra örbylgjuloftneta.

### Yfirlit yfir radiótruflanir árið 2019



Tilkynningar um truflanir frá örbylgjuloftnetum (MMDs) eru um 87% af truflunum, en uppruna truflananna má rekja til úreltra en virkra örbylgjuloftneta. Aðrar farsímatruflanir eru 8% en truflanir á öðrum kerfum er um 5%.

Það er ljóst að PFS stendur frammi fyrir mikilli vinnu við að leysa þann mikla vanda sem truflanir frá örbylgjuloftnetum valda. Truflanirnar eru tilkomnar vegna bilunar í úreltum móttökubúnaði örbylgjuloftneta sem mörg heimili létu setja upp til að taka á móti útsendingum frá áskriftarsjónvarpi Fjölvarpsins á sínum tíma. Rekstri Fjölvarpsins var hætt árið 2017, en enn eru þúsundir loftneta uppsett og virk á höfuðborgarsvæðinu. Eina leiðin til að uppræta truflunina er að taka niður loftnetin eða taka þau úr sambandi við rafmagn.



### Aðgengi að fjarskiptaþjónustu

Stjórnvöld leggja áherslu á að aðgengi að fjarskiptaþjónustu sé með því besta sem gerist í heiminum. Þetta endurspeglast í markmiðum stjórnvalda sem

birtast bæði í fjármálaáætlun 2020–2024 og í þings-  
ályktunartillögu um fjarskiptaáætlun fyrir árin 2019 til  
2023.

Aðgengi að háhraðatengingum heldur áfram að  
aukast og er þar sérstaklega um að ræða áhrif af  
verkefni Fjarskiptasjóðs við ljósleiðaravæðingu sveita  
landsins. Stefnt er að því að því verkefninu ljúki árið  
2021 og að þá verði 99,9% heimila landsins tengd  
háhraðatengingu. Það sem útaf stendur þá eru þétt-  
býlisstaðir á landsbyggðinni. Þeir hafa nær allir há-  
hraðatengingu með xDSL-tækni í dag. Stjórnvöld líta  
svo á að ekki hafi verið sýnt fram á að um markaðs-  
brest sé að ræða þegar kemur að uppbyggingu ljós-  
leiðarþjónustu á þéttbýlisstöðum á landsbyggðinni.  
Líklegt verður að teljast að þrýstingur sveitarstjórna  
og íbúa á þessum svæðum verði til þess að ráðist  
verði í úrbætur á háhraðasamböndum á markaðsfor-  
sendum innan þessara svæða á næstu árum, annað-

hvort með lagningu ljósleiðara, uppbyggingu öfl-  
ugrar 5G-þjónustu eða blöndu af þessum lausnum.

Nær öll lögheimili og vinnustaðir á landinu hafa  
aðgang að farnetsþjónustu með talsambandi og  
háhraðaneti. Háhraðanetið getur vissulega verið  
misjafnt að gæðum og sennilegt er að nokkur gæða-  
munur sé á milli þéttbýlis og dreifbýlis. Sá gæða-  
munur verður leiddur fram með fyrirhuguðum  
gæðamælingum sem ráðgerðar eru í framhaldi af  
samþykkt laga um nethlutleysi.

Nokkuð öðru máli gegnir um aðgengi að farnets-  
þjónustu á þjóðvegum landsins. Þar nást markmið  
um aðgengi ekki að fullu. Ljóst er að átak bíður mark-  
aðsaðila og stjórnvalda í því að bæta aðgengi að far-  
neti á þjóðvegakerfinu. Þetta er einnig sérstaklega  
mikilvægt í samhengi við uppbyggingu 5G-farnets-  
þjónustu þegar til lengdar lætur.

# Markaðsgreiningar PFS á fjarskiptamarkaði 2019

Markaðsgreiningar á fjarskiptamarkaði eru stór þáttur í starfi PFS. Þær eru mikilvægasta stjórnþæki Póst- og fjarskiptastofnunar til þess að efla samkeppni og stuðla þannig að hagkvæmu verðlagi, nýsköpun og bættu aðgengi að þjónustu alls staðar á landinu. Þeim er beitt til að efla samkeppni með því að greina stöðu markaðsaðila á heildsölumörkuðum fjarskipta og leggja á viðeigandi úrræði ef samkeppni er ekki talin vera næg. Markaðsgreiningar eru grundvöllur ákvörðunar um það hvort leggja skuli á, viðhalda, breyta eða fella niður sérstakar kvaðir á fjarskiptafyrirtæki sem útnefnd hafa verið með umtalsverðan markaðsstyrk.

## Framkvæmd markaðsgreininga má skipta í þrjá áfanga:

1. Skilgreina viðeigandi þjónustumarkaði og landfræðilega markaði
2. Greina alla markaði, kanna hvort samkeppnin á þeim sé virk og taka ákvörðun um hvort þar finnist eitt eða fleiri fyrirtæki með umtalsverða markaðshlutdeild
3. Taka ákvörðun um hvort leggja skuli á, viðhalda, breyta eða draga til baka kvaðir á fyrirtæki með umtalsverða markaðshlutdeild

PFS framkvæmir greiningar á þeim mörkuðum sem tilgreindir eru í tilmælum Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA), í samræmi við fjarskiptalög og skuldbindingar Íslands skv. EES-samningnum. Fjarskiptalöggjöfin gerir jafnframt ráð fyrir því að PFS skilgreini þessa

markaði í samræmi við séríslenskar aðstæður. Því má gera ráð fyrir að markaðsskilgreining PFS geti verið frábrugðin þeirri sem er í tilmælunum. PFS er jafnframt heimilt að rannsaka aðra fjarskiptamarkaði en þá sem taldir eru upp í tilmælunum. Núgildandi tilmæli ESA voru gefin út 11. maí 2016, en í þeim eru mun færri markaðir tilgreindir en í fyrri tilmælum ESA um sama efni sem gefin voru út árin 2004 og 2008. Talið var að almennt uppfylltu ekki allir markaðirnir í tilmælunum frá 2008 lengur þau skilyrði sem eru forsenda þess að beita megi fyrirfram kvöðum. Þeir markaðir sem skylt er að taka til skoðunar samkvæmt gildandi tilmælum ESA frá 2016 eru eftirfarandi heildsölumarkaðir:

**Markaður 1:** Lúkning símtala í einstökum almennum símkerfum með fasttengingu

**Markaður 2:** Lúkning símtala í einstökum farsímakerfum

**Markaður 3:**

**a)** Staðaraðgangur með fasttengingu

**b)** Miðlægur aðgangur með fasttengingu fyrir fjöldaframleiddar vörur

**Markaður 4:** Aðgangur með fasttengingu af miklum gæðum

Enn eru í gildi greiningar PFS á eftirfarandi heildsölumörkuðum sem byggja á tilmælum ESA frá 2008:

Markaður 4: Aðgangur að föstum aðgangnetum (þ.m.t. skiptur og óskiptur aðgangur). (Ákvörðun PFS nr. 21/2014).

Markaður 5: Breiðbandsaðgangur. (Ákvörðun PFS nr. 21/2014).

Markaður 6: Lúkningarhluti leigulína.  
(Ákvörðun PFS nr. 8/2014).

Markaður 7: Lúkning símtala í einstökum farsímanetum. (Ákvörðun PFS nr. 20/2015).

Að auki er í gildi greining á eftirfarandi heildsölu-  
markaði sem byggir á tilmælum ESA frá 2004:

Stofnlínuhluti leigulína, sem áður var markaður nr.  
14. (Ákvörðun PFS nr. 21/2015).

## Helstu verkefni á sviði markaðsgreininga á árinu 2019

Á árinu var unnið að greiningu á heildsölumörku-  
aðum í samræmi við ársáætlun stofnunarinnar og  
er fyrirhugað að ljúka greiningunum á eftirfarandi  
mörkuðunum á árinu 2021.

Markaður 3: a) Staðaraðgangur með fast-  
tengingu (áður markaður 4/2008)

b) Miðlægur aðgangur með fasttengingu  
fyrir fjöldaframleiddar vörur (áður markaður  
5/2008)

Markaður 4: Aðgangur með fasttengingu af  
miklum gæðum (áður markaður 6/2008)

Markaður 14/2004: Stofnlínuhluti leigulína

Enn fremur verður áfram lögð áhersla á að fylgja  
eftir þeim kvöðum sem lagðar hafa verið á í kjölfar  
markaðsgreininga, einkum kostnaðargreiningum á  
heildsöluverðum og endurskoðun á viðmiðunartil-  
boðum.

## Helstu verkefni vegna eftirlits með kvöðum á árinu 2019 *Kostnaðargreiningar og verðákvarðanir*

Helstu verkefni vegna verðákvarðana og kostnaðar-  
greininga á árinu 2019 voru eftirfarandi:

- 26/2019 – Gjaldskrá Mílu fyrir 100 G hrað-  
brautarasambönd – 19. nóvember 2019
- 23/20189 – Heildsöluverð fyrir lúkningu sím-  
tala í einstökum farsímanetum – 24. október  
2019
- 22/2019 – Heildsöluverð fyrir lúkningu sím-  
tala í föstum almennum talsímanetum – 24.  
október 2019
- 11/2019 – Endurskoðun á heildsölugjaldskrá  
Mílu fyrir ljóslínur í götuskápa og ljóslínur í  
aðgangsneti – 16. apríl 2019
- 10/2019 – Endurskoðun á heildsölugjaldskrá  
Mílu fyrir lúkningarhluta leigulína – 16. apríl  
2019
- 9/2019 – Endurskoðun á heildsölugjaldskrá  
Mílu fyrir bitastraumsaðgang – 16. apríl 2019
- 8/2019 – Endurskoðun á heildsölugjaldskrá  
Mílu fyrir koparheimtaugar – 16. apríl 2019

# Póstmarkaður

## Einkaréttur og alþjónusta

Árið 2019 var síðasta árið sem einkaréttur ríkisins á dreifingu póstsendinga undir 50 gr. var við lýði, en með lögum nr. 98/2019 var einkarétturinn felldur niður. Samhliða niðurfellingu einkaréttarins féll niður rekstrarleyfi Íslandspóstshf., en það hafði verið skilyrt með þeim hætti að það skyldi gilda á meðan einkaréttur ríkisins væri við lýði.

Nauðsynlegt var því að stjórnvöld tækju ákvörðun um hvernig ætti að tryggja alþjónustu samkvæmt 9. laga um póstpjónustu nr. 98/2019.

Með bréfi samgönguráðuneytisins þann 11. nóvember 2019 var Póst- og fjarskiptastofnun falið, í samræmi við 1. mgr. 11. gr. laga um póstpjónustu nr. 98/2019, að útnefna alþjónustuveitanda frá og með 1. janúar 2020.

Vegna þess hversu skammur tími var til stefnu var það mat stofnunarinnar að nauðsynlegt væri að taka bráðbirgðaákvörðun og var Íslandspósti falið að sinna þeirri þjónustu sem fellur undir alþjónustu sem og alþjóðlegum skuldbindingum Íslands, enda enginn annar aðili sem gæti tekist á hendur þessarar skuldbindingar með svo skömmum fyrirvara, að mati Póst- og fjarskiptastofnunar. Í ákvörðuninni eru eftirfarandi skyldur lagðar á Íslandspóstshf.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 9. gr. skal Íslandspóstur ohf. inna af hendi eftirfarandi þjónustu:

1. Aðgangur að afgreiðslustað og póstkössum.
2. Dreifing á eftirfarandi póstsendingum, innanlands og á milli landa, fellur undir alþjónustu:
  - a. Bréf allt að 2 kg,

- b. pakkar allt að 10 kg innanlands,
- c. pakkar allt að 20 kg milli landa,
- d. sendingar fyrir blinda og sjónskerta allt að 2 kg,
- e. ábyrgðarsendingar og tryggðar sendingar.

4. Miða skal við að dreifing þeirra póstsendinga sem falla undir alþjónustu fari fram tvo daga í viku til einstaklinga með fasta búsetu. Dreifingarskyldan takmarkast við þá einstaklinga sem hafa skráð lögheimili eða aðsetur á viðkomandi stað, sbr. 2. gr. laga nr. 80/2018 um lögheimili og aðsetur. Á sama hátt skal bera út póstsendingar til lögaðila sem hafa fasta atvinnustarfsemi í viðkomandi húsnæði. Íslandspóstur getur undir sérstökum kringumstæðum fellt niður einstakar ferðir eða gert hlé á útburði um tiltekinn tíma. Undir sérstakar kringumstæður falla t.d. ófærð og aðrir óviðráðanlegir atburðir sem valda því að ómögulegt er að sinna útburði nema með miklum auka kostnaði sem ekki er sanngjarnt að félagið beri.

5. Tæming póstkassa sem falla undir alþjónustu skal vera a.m.k. tvisvar í viku.

6. Gjaldskrá félagsins skal taka mið af þeim reglum sem fram koma í 17. gr. laga um póstpjónustu nr. 98/2019.

6. Alþjóðlegar skuldbindingar.

Íslandspóstur skal haga starfsemi sinni í samræmi við þær skuldbindingar sem Ísland hefur undirgengist samkvæmt gildandi alþjóðsamningum á sviði póstmála svo fremi þeir gangi ekki gegn lögum um póst-

þjónustu nr. 98/2019. Íslandspóstur skal taka þátt í alþjóðlegu samstarfi sem útnefnt fyrirtæki (designated operator) hjá Alþjóða póstsambandinu (UPU) vegna alþjóðlegra skuldbindinga á sviði póstmála.

Ákvörðunin mun gilda þar til málsmeðferð samkvæmt 2. mgr. 11. gr. laga um póstpjónustu nr. 98/2019 hefur farið fram en þar er kveðið á um að við val á þjónustuveitanda til að veita alþjónustu skuli viðhafa opið, gagnsætt og hlutlægt ferli þar sem gætt er jafnræðis. Í samræmi við þetta lagaákvæði verður birt samráðsskjal og allri málsmeðferð lokið á árinu 2020. Í samráðinu verður m.a. fjallað um nauðsyn þess að útnefna fyrirtæki með alþjónustuskuldur sem og hversu víðfeðm útnefningin skal vera. Fjallað verður um gæði þjónustu, mögulegar þjónustubreytingar og forsendur fyrir greiðslu ríkisins á kostnaði vegna alþjónustu, sbr. 6. mgr. 12. gr. laga um póstpjónustu nr. 98/2019.

Í ákvörðun stofnunarinnar, í samræmi við ákvörðun ráðuneytisins, er einnig kveðið á um framlag til handa Íslandspósti, að upphæð 250 millj. kr. vegna alþjónustu fyrirtækisins á árinu 2020, sem kemur til greiðslu í byrjun ársins 2020. Framlagið mun verða greitt út með þeim fyrirvara að ef metin alþjónustubyrði verður lægri mun koma til endurgreiðslu af hálfu Íslandspósts.

## Ýmis viðbótargjöld Íslandspósts ohf.

Póst- og fjarskiptastofnun birti umfjöllun sína um ýmis viðbótargjöld sem Íslandspóstur ohf. tekur í dag, sem alþjónustuveitandi, fyrir veitta þjónustu. Tilgangurinn var m.a. að skapa gagnsæi um þessi gjöld fyrir neytandann sem og að kanna þann laga- og/eða samningsgrundvöll sem gjöldin byggja á.

Ástæða þess að ákveðið var að kanna réttmæti þessara gjalda var að í gegnum tíðina hafa komið fjölmargar ábendingar frá einstaklingum og fyrirtækjum þar sem því er m.a. haldið fram að gjaldtaka hjá Íslandspósti sé of há og/eða eftir atvikum eigi ekki rétt á sér. Er hér fyrst og fremst um að ræða ýmis aukagjöld sem fyrirtækið tekur fyrir þjónustu sína til viðbótar hinum hefðbundnu burðargjöldum sem sendendur greiða fyrir að póstsendingum sé komið til viðtakanda.

Þau gjöld sem helst hefur verið bent á og talin eru á einhvern hátt aðfinnsluverð eru t.d. umsýslugjald (tollmeðferðargjald), geymslugjald og ýmis gjöld sem tengjast tollmeðferð sendinga.

Eins og sjá má á þessari upptalningu eiga þessi gjöld sér mismunandi uppruna og þ.a.l. geta átt við mismunandi sjónarmið, t.d. um heimildir til gjaldtöku og/eða hversu hátt gjaldið má vera. Einnig getur ver-

ið álitamál í einhverjum tilvikum hvort sú þjónusta sem greitt er fyrir eigi að vera innifalið í burðargjaldinu sem sendandi/móttakandi hefur greitt þegar sendingin var afhent til póstsmeðferðar.

Það getur því verið flókið, einkum fyrir neytandann, að átta sig á forsendum og réttmæti þessara gjalda.

Stofnunin ákvað þess vegna, m.a. með hliðsjón af b- og d. lið 4. töl. 3. gr. laga um Póst- og fjarskiptastofnun nr. 69/2003, að hefja athugun á því hvort þessi gjöld, sem og skilmálar sem þeim tengjast, séu í samræmi við ákvæði laga um póstpjónustu sem og þær alþjóðlegu skuldbindingar sem Ísland hefur undirgengist og ÍSP hefur skyldu til að uppfylla.

Það er álit PFS að þessi gjaldataka eigi sér annaðhvort stoð í póstlögum og/eða að þau byggji á heimild í Alþjóðapóstsamningnum (UPU Convention). Með yfirferð stofnunarinnar er þó ekki tekin afstaða til kostnaðarforsendna einstakra gjalda, enda ekkert fram komið sem gefur PFS tilefni til slíkrar rannsóknar að svo stöddu. Sjá nánar <https://www.pfs.is/um-pfs/frettir/frett/2019/12/30/Yfirlit-yfir-ymiss-vidbotar-gjold-sem-logd-eru-a-postsendingar/>

## Bókhaldslegur aðskilnaður og kostnaður vegna alþjónustu

Á árinu vann stofnunin að yfirferð sinni vegna bókhaldslegs aðskilnaðar Íslandspósts vegna rekstrarársins 2018 sem lauk með yfirlýsingu sem birtist á vef stofnunarinnar þann 13. desember 2019. Íslandspósti ber í samræmi við lög um póstpjónustu og reglugerð nr. 313/2005 um bókhaldslega og fjárhagslega aðgreiningu í rekstri póstrekinda að afhenda Póst- og fjarskiptastofnun sundurliðaðar bókhalds- og fjármálaupplýsingar.

Niðurstaða stofnunarinnar er að kostnaðarbókhald og bókhaldslegur aðskilnaður ÍSP sé í samræmi við viðurkennda aðferðafræði og ákvæði laga um póstpjónustu og fyrirnefnda reglugerð um bókhaldslega og fjárhagslega aðgreiningu í rekstri póstrekinda.

Sú neikvæða afkoma sem birtist í starfspáttayfirliti félagsins á árinu 2018 vegna samkeppni innan alþjónustu skýrist að mesti leyti af dreifingu erlends pósts eða sem nemur 818 millj. kr. miðað við árgreiðsluáðferð. Þetta tap á einkum rót sína að rekja til þeirra alþjóðlegu endastöðvasamninga sem Íslandspóstur er bundinn af.

Með ákvörðun nr. 13/2019 vísaði stofnunin frá, að hluta, umsókn Íslandspósts um framlag úr jöfnunar-sjóði alþjónustu. Nánar tiltekið er um eftirfarandi liði að ræða:

- Hraða og tíðni sendinga
- Dreifingu í dreifbýli
- Sendingar fyrir blinda

Í niðurstöðu stofnunarinnar segir m.a. að kostnaður vegna þessara liða hafi verið innifalinn í gjaldskrá félagsins innan einkaréttar og hafi það m.a. komið fram í yfirferð PFS á bókhaldslegum aðskilnaði félagsins, við samþykki á gjaldskrá innan einkaréttar sem og í tengslum við breytingar á þjónustuframboði félagsins.

Jafnframt var vísað til þess að ef fallist yrði á heildar kröfu félagsins á framangreindu tímabili væri verið að bæta fyrirtækinu tjón sem væri langt umfram það sem gæti talist eðlilegt endurgjald í skilningi 1. mgr. 27. gr. laga um pósthjónustu.

Einnig hafi samanburður á niðurstöðu PFS í ákvörðun stofnunarinnar nr. 17/2015, úttekt Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands sem unnin var fyrir samgöngu- og sveitastjórnarráðuneytið (áður innanríkisráðuneytið), dags. 1. júní 2017, og úttekt Copenhagen Economics fyrir Íslandspóst, dags. 22. mars 2018, sem umsókn félagsins hvílir á, leitt í ljós að niðurstöður þeirra væru um margt sambærilegar hvað varðar „hefðbundna“ alþjónustubyrði (þ.e. án erlendra sendinga).

Í ljósi þess að Íslandspóstur hefði ekki sýnt fram á neinar forsendubreytingar varðandi útreikning á alþjónustubyrði um framangreinda þætti væri í reynd verið að óska eftir því að stofnunin myndi taka nýja ákvörðun á sama grundvelli og fyrri ákvörðun hennar byggði á. Leiddi það til frávísunar á umsókn ÍSP varðandi þennan hluta málsins.

Með ákvörðun PFS nr. 14/2019 féllst stofnunin á umsókn félagsins varðandi framlag úr jöfnunarsjóði

varðandi erlendar pósthjónustur. Vísar stofnunin m.a. til þess að Íslandspósti sé skylt að sinna alþjóðlegum skuldbindingum Íslands vegna aðildar ríkisins að UPU, sem og til 6. gr. laga um pósthjónustu og rekstrarleyfis fyrirtækisins.

Niðurstaða stofnunarinnar er að ófjármögnuð byrði ÍSP vegna erlendra sendinga sé 1.463 millj. kr. á tímabilinu 30. október 2014 til 31. desember 2018 eða sem nemur 350 millj. kr. að meðaltali á ári, sem jöfnunarsjóði alþjónustu er heimilt að greiða. Hafi þá verið tekið tillit til fyrningar krafna frá árunum 2013–2014 og að viðbættu árinu 2018. Jafnframt hafi krafa félagsins verið lækkuð vegna banns 1. mgr. 27. gr. þess efnis að ekki sé heimilt að sækja um framlag vegna alþjónustu vegna þjónustu sem heyrir undir einkarétt, en dreifing á pósthjónustum erlendis frá undir 50 gr. falla undir einkarétt félagsins.

Miðað við þessar forsendur er ófjármagnað tap ÍSP vegna erlendra sendinga á árunum 2013–2018 samtals 1.463 milljónir króna sem sundurliðast með eftirfarandi hætti:

Í eldri lögum um pósthjónustu var gert ráð fyrir því að til væri jöfnunarsjóður sem greiði fyrir alþjónustukostnað alþjónustuveitanda og að innheimt væri jöfnunargjald af rekstrarleyfishöfum í hlutfalli við bókfærða veltu. Engum slíkum sjóði var hins vegar komið á fót og í núgildandi lögum er gert ráð fyrir að kostnaður vegna alþjónustu verði greiddur úr ríkissjóði, sbr. 6. mgr. 12. gr. laganna.

Með úrskurði úrskurðarnefndar nr. 3/2019 var kærú Póstmarkaðarins á ákvörðun PFS nr. 14/2019 vísað frá með þeim rökum að fyrirtækið hefði ekki lögvarðra hagsmuna að gæta við úrlausn málsins.

Hrein áhrif	2013*	2014*	2015	2016	2017	2018	Samtals
Krafa ÍSP – Erlendur póstur		38	295	475	510	365	1.683
Leiðrétt vegna einkaréttar		-7	-41	-29	-51	-40	-168
Óefnislegur ávinningur		-1	-9	-12	-15	-14	-51
<b>Samtals</b>		<b>29</b>	<b>245</b>	<b>434</b>	<b>444</b>	<b>311</b>	<b>1.463</b>

\*Kröfur frá 30. okt. 2014 og eldri eru fyrndar

Heimild: Íslandspóstur/PFS, tölur í millj. kr.



# Markaðsgreiningar PFS á póstmarkaði 2019

## Gjald á erlendar póstsendingar

Með lögum nr. 23/2019 var sett inn ný heimild í lög um póstpjónustu nr. 19/2002 til að setja sérstakt gjald á viðtakanda erlendar póstsendingar. Ákvæðið kom síðan óbreytt inn í ný lög um póstpjónustu nr. 98/2019.

Um ástæður og tilefni hins nýja gjalds sagði m.a. í greinargerð með frumvarpinu:

„Breytingar sem lagðar eru til með frumvarpinu fela m.a. í sér að heimila rekstraraðila að setja gjaldskrá fyrir erlendar póstsendingar sem á að mæta raunkostnaði við sendingarnar. Mikill ágreiningur hefur verið um endastöðvargjöld á alþjóðlegum vettvangi, einkum og sér í lagi milli útflutnings- og innflutningslanda pósts, en talsverð rekstrarvandæði hrjá marga póstrekendur sem sinna alþjónustu.“ Einnig var tiltekið að breytingarnar væru nauðsynlegar til að mæla skýrt fyrir um að íslensk póstlög gangi framur alþjóðaskuldbindingum á sviði póstmála og að taka beri mið af óbættum raunkostnaði við gjalddöku vegna erlendra pakkasendinga, óháð ákvæðum um endastöðvarsamninga.

Íslandspóstur (ÍSP) tilkynnti stofnuninni með bréfi, dags. 16. maí 2019, að félagið hygðist setja á hið nýja gjald og að hið nýja gjald legðist á allar sendingar sem bæru aðflutningsgjöld og skiptist þannig:

- Sendingar frá löndum innan Evrópu 400 kr.
- Sendingar frá löndum utan Evrópu 600 kr.

Póst- og fjarskiptastofnun yfirfor þær kostnaðarfor- sendur sem og röksemdir félagsins fyrir skiptingu gjaldsins vegna pakka frá löndum innan Evrópu og utan Evrópu. Jafnframt hafa forsendur félagsins fyrir því að leggja gjaldið einungis á tollskyldar vörur verið yfirfarnar.

Það er niðurstaða PFS að þau sendingargjöld sem Íslandspóstur lagði á móttakendur póstsendinga séu innan þeirra viðmiða sem fram koma í 4. mgr. 16. gr. (nú 4. mgr. 17. gr. nógildandi laga), eins og hún er skýrð í greinargerð með ákvæðinu.

Íslandspóstur skal senda Póst- og fjarskiptastofnun upplýsingar er varða erlendar sendingar með reglubundnum hætti skv. nánari fyrirætlum PFS, en stofnunin hyggst taka umrædd gjöld næst til skoðunar að eigin frumkvæði á fyrri hluta árs 2021 eða fyrr sé talin þörf á. Þessi fyrirætlun breytir hins vegar ekki þeirri skyldu sem hvílir á Íslandspósti, að aðlaga gjaldið að undirliggjandi rekstri fyrirtækisins á hverjum tíma ef forsendur fyrir gjaldinu hafa breyst verulega á tímabilinu, t.d. hækkun á endastöðvargjöldum, eða aðrar þær breytingar í rekstri fyrirtækisins sem verða til þess að kostnaður fyrirtækisins af dreifingu erlendra sendinga breytist frá því sem hann er í dag.

# Net- og upplýsingaöryggi

Net- og upplýsingaöryggi verður æ mikilvægari þáttur í viðbragðs- og öryggismálum samfélagsins alls og gegnir Póst- og fjarskiptastofnun þar lykilhlutverki. Stofnunin rekur netöryggissveitina CERT-IS, hefur eftirlit með raunlægu öryggi fjarskiptaneta og er aðili að netöryggisráði sem er samráðsvettvangur stjórnvalda sem hefur það hlutverk að fylgja eftir innleiðingu á stefnu stjórnvalda um net- og upplýsingaöryggi. Einnig heldur stofnunin úti upplýsingavef um netöryggi fyrir almenning, [www.netöryggi.is](http://www.netöryggi.is), og er í samstarfi við ýmsa aðila sem vinna að netöryggismálum.

Á vorþingi voru samþykkt lög nr. 78/2019 um öryggi net- og upplýsingakerfa mikilvægra innviða. Lögin taka gildi 1. september 2020 og Póst- og fjarskiptastofnun kemur til með að gegna mikilvægum hlutverkum varðandi þá löggjöf. Stofnunin kemur til með að gegna hlutverki stjórnvalds gagnvart stafrænum grunnvirkjum og veitendum stafrænnar þjónustu, auk þess að annast samhæfingu stjórnvalda annarra geira. Netöryggissveitin CERT-IS verður eflid til muna til að taka við hlutverki varðandi þjónustu við þá aðila sem verða skilgreindir sem rekstraraðilar nauðsynlegrar þjónustu.

## Starfsemi netöryggisveitarinnar CERT-IS

Netöryggissveitin CERT-IS starfar innan Póst- og fjarskiptastofnunar skv. fjarskiptalögum og reglugerð nr. 475 frá árinu 2013. Sveitin heldur úti vefsíðunni [www.cert.is](http://www.cert.is) og hlutverk hennar er að fyrirbyggja og draga úr hættu á netárásum og öðrum öryggisatvikum í netumdæmi hennar og sporna við og lágmarka tjón af þeim sökum á ómissandi upplýsingainnviði samfélagsins. Þjónustuhópur CERT-IS kemur til með að stækka til muna við gildistöku laga nr. 78/2019 og getur þá þjónað betur mikilvægustu innviðum þjóðarinnar. CERT-IS gegnir einnig hlutverki landstengiliðs (e. national point-of-contact) vegna netöryggisatvika innan íslenskrar netlögsögu. Í febrúar hlaut CERT-IS formlega aðild að FIRST-samtökunum, en það eru alþjóðleg samtök netöryggissveita.

# Neytendamál

Póst- og fjarskiptastofnun tekur árlega til umfjöllunar fjölbreyttar kvartanir frá neytendum. Ein af þeim sem stofnuninni bárust á árinu 2019 varðaði skriflegt (raf-rænt) samþykki rétthafa sem skilyrði fyrir þjónustu-flutningi.

## Hreyfanleiki neytenda á fjarskiptamarkaði og bindisamningar

Eitt helsta verkefni PFS er að gæta hagsmuna neytenda á fjarskipta- og póstmörkuðum en neytendur standa oft frammi fyrir margvíslegum og flóknum valkostum, ekki síst á fjarskiptamarkaði, bæði hvað varðar val og fyrirkomulag á þjónustu.

Hreyfanleiki neytenda felur í sér í hve miklum mæli neytendur skipta um fyrirtæki á tilteknum markaði. Mikill hreyfanleiki er m.a. talinn leiða til aukinnar samkeppni sem almennt er neytendum til hagsbóta. Lítil hreyfanleiki á markaði getur á hinn bóginn haft neikvæð áhrif á samkeppni þar sem það getur reynst bæði erfitt og áhættusamt fyrir nýja aðila á markaði að laða til sín nægan fjölda viðskiptavina. Ýmislegt getur hamlað því að neytendur vilji skipta um þjónustuveitanda. Hér má nefna atriði eins og að yfirfærslan er flókin og tímafrek, vara og þjónusta eru samþætt að einhverju leyti eða hár skiptikostnaður er til staðar. Það er því mikilvægt fyrir neytendur að valkostir séu settir fram með skýrum og aðgengilegum hætti svo að þeir geti tekið upplýsta og skynsamlega ákvörðun við val á þjónustuveitanda.

Í ákvörðun PFS nr. 27/2018 horfði stofnunin m.a. til framangreindra sjónarmiða um neytendavernd. Málið varðaði afslátt á Apple TV-tæki hjá Nova en

endanlegt verð vörunnar réðst af lengd áskriftar að tiltekinni fjarskiptaþjónustu hjá félaginu. Afslátturinn náði hámarki við 12 mánaða áskrift en ef neytandi hætti í áskrift innan þess tíma var honum gert að greiða hlutfallslega hærra verð fyrir vöruna. Það var niðurstaða PFS að þetta fyrirkomulag striddi gegn 1. ml. 2. mgr. 37. gr. fjarskiptalaga sem segir að óheimilt sé í samningi að kveða á um lengri binditíma áskrifenda en sex mánuði.

Stofnunin horfði einna helst til þess að tilboð af þessum toga gætu skapað tregðu hjá neytendum við að flytja sig um set, sér í lagi ef skiptikostnaður væri hár. Á fjarskiptamarkaði má auðveldlega gera sér í hugarlund tilboð sem fela í sér ríflega afslætti af raftækjum, svo sem tölvum, sínum eða sjónvörpum, sem væru háð því að vera í áskrift í hjá tilteknum þjónustuveitanda. Að mati PFS stangaðist slíkt á við tilgang ákvæðisins sem væri ætlað að liðka fyrir samkeppni, gera verðlagningu sýnilegri og stuðla að hreyfanleika neytenda á fjarskiptamarkaði.

Úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála var ekki sammála þessari niðurstöðu PFS en í úrskurði sínum nr. 1/2019 vísaði nefndin m.a. til þess að þótt skilmálarnir sem tilboð Nova kvað á um hafi vissulega að ákveðnu leyti tengst áskriftarsamningi kaupanda væru þeir tilkomnir vegna kaupa á tiltekinni vöru. Að mati nefndarinnar tæki ákvæði 2. mgr. 37. gr. fjarskiptalaga samkvæmt orðanna hljóðan einungis til þess tilviks að kveðið væri á um lengri binditíma en sex mánuði í áskriftarsamningi.

# Lagalegt umhverfi

## Ný lög um öryggi net- og upplýsingakerfa mikilvægra innviða

Í lok júní á síðasta ári samþykkti Alþingi ný lög á sviði net- og upplýsingaöryggis, lög nr. 78/2019 um öryggi net- og upplýsingakerfa mikilvægra innviða, með gildistöku 1. september 2020. Með lögnum eru innleidd efnisákvæði svokallaðar NIS-tilskipunar Evrópusambandsins (e. the Directive on security of network and information system). Af þeirri ástæðu er oft vísað til lagabálsins sem „NIS-laganna“. Tilskipunin hefur ekki enn verið innleidd í ESS-samninginn en unnið er að þeirri innleiðingu hjá Fríverslunar-samtökum Evrópu (EFTA).

NIS-lögnum er ætlað að tryggja ákveðið lágmarksöryggi net- og upplýsingakerfa aðila sem sinna þjónustu sem talin er sérstaklega mikilvæg fyrir innviði landsins, einu nafni nefnd „mikilvæg innviði“. Mikilvægir innviðir eru skilgreindir sem annars vegar rekstraraðilar nauðsynlegrar þjónustu á sviði banka-starfsemi og innviða fjármálamarkaða, flutninga, heilbrigðisþjónustu, orku- hita- og vatnsveitna og stafrænna grunnvirkja og hins vegar veitendur stafrænnar þjónustu.

NIS-lögin tilgreina ekki með tæmandi hætti hvaða aðilar teljast til rekstraraðila nauðsynlegrar þjónustu, heldur er sett í hendur ráðherra að útfæra með nánari hætti hvaða þjónusta telst nauðsynleg í skilningi laganna. Ráðherra er einnig gert að halda opinbera skrá yfir rekstraraðila nauðsynlegrar þjónustu sem birt skal opinberlega í B-deild Stjórnartíðinda. Veitendur stafrænnar þjónustu eru aftur á móti skilgreindir í lögnum en til þeirra teljast aðilar sem starfrækja

netmarkað, leitarvélar á netinu eða skýjavinnsluþjónustu. Þó eru undanskildir þeir aðilar sem teljast til örfélaga samkvæmt lögum um ársreikninga.

Markmið NIS-laganna er að stuðla að öryggi og viðnámsþrótti net- og upplýsingakerfa mikilvægra innviða, þ.e.a.s. að hlutaðeigandi aðilar séu betur í stakk búnir til að koma í veg fyrir og takast á við ógnir sem að kerfum þeirra steðja. Þetta er gert bæði með því að útlista ákveðnar lágmarksöryggiskröfur sem mikilvægir innviðir verða að innleiða og hvernig bregðast eigi við ef upp kemur atvik eða áhætta. Þó ber að hafa í huga að þar sem um er að ræða lágmarkskröfur gæti verið rík þörf á því, eða skylda samkvæmt sérlögum, að ganga lengra í öryggisráðstöfunum en lögin gera ráð fyrir.

Löggjöfni er einnig ætlað að búa til skýra umgjörð um framkvæmd og eftirlit stjórnvalda með öryggi net- og upplýsingakerfa. Þar sem lögin ná til aðila á ólíkum sviðum þjóðfélagsins er hópi eftirlitsstjórnvalda gefið nýtt hlutverk sem hver sinnir á sínu sviði. Póst- og fjarskiptastofnun fær hlutverk eftirlitsstjórnvalds gagnvart stafrænum grunnvirkjum og veitendum stafrænnar þjónustu.

Til viðbótar setja lögin á fót svokallað „samhæfingarstjórnvald“ sem fellur einnig í hendur Póst- og fjarskiptastofnunar. Þessu fyrirkomulagi er ætlað að samræma aðgerðir eftirlitsstjórnvalda og tryggja með sem bestum hætti jafnræði við framkvæmd laganna.

## Stjórnsýsluákvörðanir PFS 2019

Á árinu 2019 tók Póst- og fjarskiptastofnun 31 formlega stjórnsýsluákvörðun. Úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála kvað upp úrskurði í fjórum málum þar sem ákvarðanir PFS höfðu verið kærðar til nefndarinnar. Sjá yfirlit yfir allar birtar ákvarðanir PFS hér að aftan.

Af ákvörðunum ársins má minnst á niðurstöðu úttektar á fjárhagslegum aðskilnaði Gagnaveitu Reykjavíkur innan OR-samstæðunnar:

Með ákvörðun nr. 3/2019 birti Póst- og fjarskiptastofnun (PFS) niðurstöðu sína varðandi framkvæmd á fjárhagslegum aðskilnaði Gagnaveitu Reykjavíkur ehf. (GR) innan samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur (OR). Úttektin tók til tímabilsins 2016–2017 og byggði á bókhalds- og rekstrargögnum þessara ára. Eftirlit með fjárhagslegum aðskilnaði hjá ofangreindri fyrirtækjasmstæðu og öðrum aðilum sem falla undir 36. gr. fjarskiptalaga er viðvarandi verkefni stofnunarinnar.

Það er meginniðurstaða PFS að fjárhagslegur aðskilnaður OR og GR hafi verið í samræmi við ákvæði 36. gr. fjarskiptalaga, að undanskildum lánveitingum til GR í tengslum við sjóðspott OR-samstæðunnar. PFS gerir einnig athugasemd við skilyrði lánastofnana í lánsamningum GR um eignarhald OR yfir GR. PFS telur því þörf á að setja kvaðir á GR um framkvæmd fjárhagslegs aðskilnaðar OR og GR um framangreind atriði.

Að áliti PFS er tilhögun fjármögnunar GR við OR grundvallaratriði varðandi það markmið 36. gr. fjarskiptalaga að tryggja fjárhagslegan aðskilnað milli félaganna. Því ber að gera ríkar kröfur á félögin um tilhögun lánafyrirgreiðslu OR til GR.

Samkvæmt gildandi kvöðum PFS skulu öll lán OR til GR uppfylla sams konar skilmála og eru í lánsamningum ótengdra lánastofnana og almennt gilda á markaði. PFS telur að skuldir GR við tengd félög vegna framkvæmda á tímabilinu janúar til nóvember 2017 hafi brotið í bága við ákvörðun PFS frá 13. nóvember 2006 og ákvörðun PFS nr. 25/2010 frá 7. september 2010. PFS gerir athugasemd við lánveitingu OR til GR og umfang hennar án þess að sérstakur lánsamningur hafi verið gerður í samræmi við þá skilmála sem almennt giltu á markaði um slíkar lánveitingar. Nauðsynlegt sé að tryggja að slík staða geti ekki hér eftir komið upp á milli GR og samstæðu OR.

Stofnunin gerir einnig athugasemd við ákvæði í lánsamningum félagsins við lánveitendur um niðurfellingu og uppsögn samnings vegna breytinga á yfirráðum OR yfir GR. Samkvæmt lánsamningum er lánveitendum heimilt að krefjast fyrirframgreiðslu,

segja upp samningi eða gjaldfella hann ef eignarhlutur OR yfir GR fari undir 50%. Að mati PFS samrýmist slíkt ákvæði í lánsamningi ekki 36. gr. laga um fjarskipti, þ.e. að OR skuli halda fjarskiptastarfsemi sinni fjárhagslega aðskilinni frá annarri starfsemi eins og um óskyld fyrirtæki væri að ræða. Stofnunin telur rétt að umrætt skilyrði um meirihluta eign OR yfir GR sé ekki í nýjum lánsamningum félagsins.

Önnur stór ákvörðun sem PFS birti árið 2019 sneri að því að Síminn hefði brotið fjölmiðlalög með því að beina viðskiptavinum Sjónvarps Símans að tengdu fjarskiptafyrirtæki.

Í ákvörðun PFS nr. 27/2019 kemst stofnunin að þeirri niðurstöðu að Síminn hafi ítrekað brot sitt gegn 5. mgr. 45. gr. fjölmiðlalaga sem PFS hafði komist að niðurstöðu um í ákvörðun nr. 10/2018. Með stoð í 4. mgr. 54. gr. fjölmiðlalaga leggur PFS 9.000.000 kr. stjórnvaldssekt á Símann sem greiðist í ríkissjóð, en hámarks sektarheimild er 10.000.000 kr.

Í ákvörðuninni kemst stofnunin að þeirri niðurstöðu að Síminn hafi ítrekað brot sitt gegn bannákvæði 5. mgr. 45. gr. fjölmiðlalaga nr. 38/2011, sem leggur bann við því að fjölmiðlaveita beini viðskiptum viðskiptavina sinna að tengdu fjarskiptafyrirtæki.

Aðilar að málinu eru fimm, þ.e. Sýn hf. (Vodafone), Gagnaveita Reykjavíkur (GR) og Nova, sem kvörtuðu til PFS yfir meintu ítrekuðu broti Símans, og Síminn og dótturfélag þess Míla ehf.

Ágreiningur fyrra málsins sneri að því hvort Síminn teldist brotlegur gegn 5. mgr. 45. gr. fjölmiðlalaga, sbr. ákvörðun PFS nr. 10/2018. En upphaf þess máls mátti rekja til haustdaga 2015 þegar Síminn ákvað að gera sjónvarpsstöðina Skjá Einn að opinni frístöð og ólínulega efnisveitan Sjónvarp Símans Premium var samhliða sett á laggirnar. Var niðurstaða PFS sú að frá og með 1. október 2015 hafi ólínuleg myndmiðlun sjónvarpsefnis fjölmiðlaveitu Símans, vegna ákvörðunar Símans þar að lútandi, einungis verið í boði á IPTV-kerfi Símans sjálfs, en ekki á IPTV-kerfi Vodafone. Þá hafi ólínulega myndmiðlunin ekki verið tiltæk eftir öðrum flutningsleiðum, þ.m.t. með OTT-lausn (e. Over The Top) sem væri óháð fjarskiptakerfum eða fjarskiptanetum. Það sama mætti segja um efnisveitu Símans, Sjónvarp Símans Premium. Viðskiptavinir Vodafone, Hringdu, Nova og fleiri félaga, sem notuðu ljósleiðaranet GR, áttu því ekki kost á að nálgast umrætt myndefni. Komst PFS að þeirri niðurstöðu í málinu að Síminn hefði þann 1. október 2015 fullframið brot gegn ákvæði 5. mgr. 45. gr. fjölmiðlalaga, sem legði bann við því að fjölmiðlaveita beindi viðskiptum viðskiptavina sinna að tengdu fjarskiptafyrirtæki. Síminn hefði getað komið í veg fyrir að framangreint ástand skapaðist á

Þessum tímat.d. með því að semja við Vodafone um dreifingu eða bjóða upp á OTT-lausn sem væri óháð fjarskiptakerfum eða fjarskiptanetum.

Í ágúst 2018 kynnti Síminn til sögunnar OTT-lausn, þ.e. dreifikerfi á sjónvarpsefni í gegnum internetið (streymisþjónustu) sem félagið kvað vera óháð fjarskiptanetum. Sýn, GR og Nova kvörtuðu til PFS og töldu umrædda lausn Símans ófullnægjandi og að hún losaði Símann ekki undan framangreindu broti á 5. mgr. 45. gr. fjölmiðlalaga, sbr. ákvörðun PFS nr. 10/2018. Töldu félögin að framsetning, verðlagning og gæði OTT-lausnarinnar beindu viðskiptum viðskiptavina enn að tengdu fjarskiptafyrirtæki.

Í athugasemdum með frumvarpi að fjölmiðlalögum kom fram að ákvæðinu væri ætlað að gera notendum kleift að velja bæði myndefni og fjarskiptafyrirtæki án þess að binda sig í viðskiptum við eitt tiltekið fjarskiptafyrirtæki, til að koma í veg fyrir að fyrirtæki sem hafa bæði yfir að ráða myndefni og fjarskiptanetum misnoti þá aðstöðu sína. Þá væri markmiðið að brjóta upp slíkt lóðrétt eignarhald á efni og dreifingu, þar sem hvati gæti verið fyrir einstaka fjölmiðlaþjónustuveitendur að reyna að beina viðskiptavinum sínum að tengdu fjarskiptafyrirtæki.

Síminn hélt því hins vegar fram að umrædd OTT-lausn væri fullnægjandi lausn óháð fjarskiptaneti og

leysti félagið undan broti gegn 5. mgr. 45. gr. fjölmiðlalaga og Míla tók undir málsstað Símans þess efnis.

Niðurstaða PFS var sú að með því að skilyrða OTT-lausn Símans við tiltekinn myndlykil sem væri seldur af fjarskiptahluta Símans hefði fjölmiðlaveita Símans enn verið að beina viðskiptum viðskiptavina sinna að tengdu fjarskiptafyrirtæki.

Síminn hefði hins vegar átt í samningaviðræðum síðustu mánuði við m.a. Vodafone um dreifingu efnisins og sýndi þar með ákveðna samningsviðleitni, jafnvel þótt slíkir samningar væru ekki í höfn. Að mati PFS var hins vegar ekki hægt að líta svo á að umrætt ástand væri eingöngu á ábyrgð Símans og komst að þeirri niðurstöðu að frá og með 2. október 2019 hefði Síminn a.m.k. reynt að vinda ofan af brotinu og ekki hægt að telja Símann enn brotlegan frá þeim tímapunkti.

Með stoð í 4. mgr. 54. gr. fjölmiðlalaga leggur PFS 9.000.000 kr. stjórnvaldssekt á Símann sem greiðist í ríkissjóð.

PFS hefur haldið utan um tölfræði um afdrif stjórnvaldsákvæðana frá árinu 2007 þegar núverandi skipulag stofnunarinnar var tekið upp. Hér gefur að líta töflu yfir ákvarðanir til ársins 2019:

Ár	Ákvarðanir PFS	Kærðar ákvarðanir	Kæruhlutfall	Úrskurðir alls	Ógildar ákvarðanir	Staðfestar ákvarðanir	Staðfestingarhlutfall/kært
2007	27	9	33%	9	1	8	89%
2008	33	7	21%	7	1	6	86%
2009	23	5	22%	5	0	5	100%
2010	41	10	24%	10	3	7	70%
2011	35	5	14%	5	2	3	60%
2012	40	7	18%	7	1	6	86%
2013	33	4	12%	4	0	4	100%
2014	42	5	12%	5	2	3	60%
2015	37	10	27%	10	2	8	80%
2016	24	6	25%	6	0	6	100%
2017	32	13	41%	13	1	12	92%
2018	28	4	14%	4	1	3	75%
2019	31	7	23%	6	2	4	67%
<b>Samtals</b>	<b>426</b>	<b>90</b>	<b>21%</b>	<b>89</b>	<b>16</b>	<b>73</b>	<b>82%</b>
<b>Af heildarfjölda 100%</b>				<b>3,8%</b>			
				<b>Meðalstaðfestingarhlutfall*</b>			<b>82,0%</b>

\* Miðað við vegið meðaltal

## Yfirlit yfir ákvarðanir PFS á árinu 2019

### Ákvörðun 1/2019

#### **Þjónustuf lutningar til Nova án fullnægjandi heimildar – 13. febrúar 2019**

PFS bærust nokkrar kvartanir frá neytendum sem vörðuðu ósamþykktan þjónustuf lutning til Nova í kjölfar símtals við fulltrúa félagsins.

Nova hafði verið með í gangi lukkuleik þar sem þátttakendur í leiknum áttu kost á ýmsum vinningum, m.a. ókeypis tímabundinni notkun í nokkra mánuði, en við þátttöku skráðu þátttakendur nafn sitt og símanúmer. Nova hafði síðan samband við þátttakendur og þjónustuf lutningur var gerður í kjölfarið.

Við númera- og þjónustuf lutning milli fjarskiptafyrirtækja gildir 11. gr. reglna nr. 617/2010 um númera- og þjónustuf lutning í almennum fjarskiptanetum en þar er kveðið á um að fjarskiptafyrirtæki sé aðeins heimilt að hefja ferli við númera- og þjónustuf lutning þegar skriflegt eða rafrænt samþykki rétthafa númers/tengingar liggur fyrir. Slíkt samþykki má veita með tölvupósti eða smáskilaboðum úr símanúmeri rétthafa sem óskar flutnings.

Að mati PFS sýndi Nova ekki fram á að slíkt sannanlegt samþykki hafi verið fyrir hendi í viðkomandi kvörtunarmálum og því var það niðurstaða stofnunarinnar að félagið hafi brotið gegn fyrrgreindu ákvæði með því að hefja ferli við númera- og þjónustuf lutning þegar skriflegt eða rafrænt samþykki rétthafa lá ekki fyrir.

### Ákvörðun 2/2019

#### **Frágangur tenginga í fjarskiptainntaki – 13. febrúar 2019**

Míla kvartaði undan því að GR hefði bræðisoðið heimtaug við innanhússfjarskiptalagnir í fjarskiptainntaki í tilteknum húseignum. Ágreiningsefni þetta hafði áður komið til úrlausnar hjá PFS milli sömu aðila, sbr. ákvörðun nr. 16/2018. Samkvæmt henni er það á ábyrgð húseiganda að setja upp tengilista í fjarskiptainntaki. Fjarskiptafyrirtækjum er óheimilt að tengjast húseignum þar sem ekki er fyrir hendi tengilisti. Það var niðurstaða PFS að fyrri ákvörðun stofnunarinnar nr. 16/2018 væri bindandi um ágreiningsefni málsins. Því var kvörtun Mílu vísað frá.

### Ákvörðun 3/2019

#### **Framkvæmd fjárhagslegs aðskilnaðar hjá Gagnaveitu Reykjavíkur ehf. fyrir árin 2016–2017 – 20. mars 2019**

Ákvörðunin er liður í reglubundnu eftirliti PFS með framkvæmd á fjárhagslegum aðskilnaði GR innan OR samstæðunnar á grundvelli 36. gr. fjarskiptalaga. Úttektin tók til tímabilsins 2016–2017 og byggði á bókhalds- og rekstrargögnum þessara ára.

Það er meginniðurstaða PFS að fjárhagslegur aðskilnaður OR og GR hafi verið í samræmi við ákvæði 36. gr. fjarskiptalaga, að undanskildum lánveitingum til GR í tengslum við sjóðspott OR-samstæðunnar. PFS gerði einnig athugasemd við skilyrði lánastofnana í lánsamningum GR um eignarhald OR yfir GR. PFS telur því þörf á að setja kvaðir á GR um framkvæmd fjárhagslegs aðskilnaðar OR og GR um framangreind atriði.

### Ákvörðun 4/2019

#### **Erindi Íslandspóstshf. um hækkun á gjaldskrá innan einkaréttar – 22. febrúar 2019**

Póst- og fjarskiptastofnun samþykkti erindi Íslandspóstshf. um 8–11% hækkun á gjaldskrá félagsins innan einkaréttar. Ákvörðunin byggir á áætlun ÍSP um umtalsverða magnminnkun á pósti innan einkaréttar á árinu 2019 eða allt að 17%. Hækkunin mun hins vegar ekki duga til að vega upp á móti áætluðu tekjutapi fyrirtækisins vegna magnminnkunar innan einkaréttar án frekari hagræðingaraðgerða.

Með ákvörðun PFS nr. 21/2018 hafnaði stofnunin hliðstæðu erindi um hækkun á gjaldskrá innan einkaréttar enda voru þar einnig til skoðunar aðrir þættir en magn sem höfðu þau áhrif að ekki þótti rétt að samþykkja erindið eins og það lá fyrir á þeim tíma. Stofnunin tók hins vegar fram að fljótlega kynnu að skapast þær aðstæður varðandi einkaréttinn, vegna síminnkandi magns, að óhjákvæmilegt yrði að hækka einingarverð ef miða ætti við það kostnaðarmódel og forsendur sem stuðst hefði verið við hingað til. Hvort best væri að bregðast við þessum aðstæðum með því að hækka gjaldskrá innan einkaréttar í takt við magnminnkun væri ákvörðun sem Íslandspóstur yrði að taka, enda væri PFS hér eftir sem hingað til bundin af ákvæðum 4-6. mgr. 16. gr. laga um pósthjónustu nr. 19/2002 við mat á samþykki fyrir gjaldskrárbreytingum innan einkaréttar.

## Ákvörðun 5/2019

### Tengingar í fjarskiptainntaki – 11. mars 2019

Míla lagði fram kvörtun gegn GR þess efnis að félagið hefði bræðisoðið heimtaugar við innanhússfjarskiptalagnir í fjarskiptainntaki í tilteknum húseignum, þar sem ekki hefði verið fyrir hendi laus aukapráður í inntakinu fyrir hverja íbúð. Óheimilt væri að bræðisjóða alla þræði innanhússfjarskiptalagna í fjarskiptainntaki. GR taldi að framkvæmdin væri heimil með samþykki húseiganda og styddist auk þess við tiltekna heimild í reglum PFS nr. 1111/2015 um innanhússfjarskiptalagnir, sem settar eru á grundvelli 60. gr. fjarskiptalaga. Í einu tilvikinu hafði verið klippt á tengdan þráð Mílu, án þess að GR hefði notað lausan aukapráð í fjarskiptainntaki. Af hálfu GR var viðurkennt að um mistök hefði verið að ræða og kröfu Mílu vísað frá af þeim sökum. Varðandi aðrar húseignir sem kvörtunin tók til var það niðurstaða PFS að ekki væri hægt að víkja til hliðar kröfum reglnanna um frágang tenginga í fjarskiptainntaki með samþykki húseiganda. Þá ætti heimildarreglan sem GR vísaði til ekki við í umræddum tilvikum. Efnisleg niðurstaða málsins var á þá leið að þar sem GR notaði bræðisuðu við að tengja heimtaugar við innanhússfjarskiptalagnir í umræddum húseignunum, bæri húseiganda að setja upp tengilista í fjarskiptainntaki, samkvæmt ábendingu og mögulegri aðkomu GR að þeirri framkvæmd. Skipti engu máli þótt einungis einn þráður innanhússfjarskiptalagnar hafi verið til staðar. Sú tengiaðferð sem GR notaði kallaði á að annar þráður innanhússfjarskiptalagnar væri lagður í hverja íbúð og gerður aðgengilegur í fjarskiptainntaki, ásamt uppsetningu á tengilista.

## Ákvörðun 6/2019

### Dreifing pósts til tiltekinna bæja í Arnarfirði – 11. mars 2019

PFS féllst á erindi ÍSP þess efnis að fyrirtækinu væri ekki skylt að bera út póst til tiltekinna bæja í Arnarfirði, m.a. sökum kostnaðar. Jafnframt var talið að þær lausnir sem fyrirtækið hygðist bjóða í staðinn væru í samræmi við ákvæði laga um póstþjónustu.

## Ákvörðun 7/2019

### Alþjónustuframlag til Neyðarlínunnar ohf. fyrir árið 2019 – 20. mars 2019

Póst- og fjarskiptastofnun samþykkti framlag til Neyðarlínunnar ohf. úr jöfnunarsjóði alþjónustu fyrir árið 2019 vegna neyðarsímsvörunar að fjárhæð 78.289.112.

## Ákvörðun 8/2019

### Endurskoðun á heildsölugjaldskrá Mílu fyrir koparheimtaugar – 16. apríl 2019

Ákvörðunin byggir á fyrri ákvörðunum PFS nr. 21/2014 og 5/2017. Um er að ræða uppfærslu á kostnaðarlíkani Mílu sem samþykkt var í ákvörðun PFS nr. 5/2017 með tölum úr bókhaldi Mílu fyrir árið 2017. Niðurstaða PFS er að mánaðargjald fyrir aðgang að koparheimtaugum hækkar úr 1.406 kr. í 1.558 kr. án vsk. Þá mun stofngjald heimtauga haldast óbreytt 3.166 kr. en aðgangur að tengigrind verður 1.223 kr./mán. fyrir hverjar 100 línur.

## Ákvörðun 9/2019

### Endurskoðun á heildsölugjaldskrá Mílu fyrir bitastraumsaðgang – 16. apríl 2019

Ákvörðunin byggir á fyrri ákvörðunum PFS nr. 21/2014 og 6/2017. Um er að ræða uppfærslu á kostnaðarlíkani Mílu sem samþykkt var í ákvörðun PFS nr. 6/2017 með tölum úr bókhaldi Mílu fyrir árið 2017. Niðurstaða PFS er að hækkun á mánaðarverði fyrir ADSL, VDSL, ADSL+ og VDSL+ tengingar á aðgangssleið 1 er um 5%. SHDSL+ tengingar hækka meira, eða um 10%, sem skýrist af hækkun á aðgangi að koparheimtaugum auk hækkunar xDSL-þjónustunnar. Þessi hækkun á aðgangssleið 1 skilar sér einnig í hækkun á mánaðarverði fyrir aðgangssleið 3, þar sem verð fyrir aðgangssleið 3 byggir á verði fyrir aðgangssleið 1 auk flutnings. Verð fyrir flutning í aðgangssleið 3 helst nánast óbreytt. Mánaðarverð fyrir ADSL/VDSL á aðgangssleið 1 hækkar úr 691 í 725 kr. og úr 1.205 í 1.239 kr. á aðgangssleið 3. Heildsölugjaldskráin í heild sinni er í Viðauka 1 við ákvörðunina.



### Ákvörðun 10/2019

#### Endurskoðun á heilðsölugjaldskrá Mílu fyrir lúkningarhluta leigulína – 16. apríl 2019

Ákvörðunin byggir á fyrri ákvörðunum PFS nr. 21/2014 og 7/2017. Um er að ræða uppfærslu á kostnaðarlíkani Mílu sem samþykkt var í ákvörðun PFS nr. 7/2017 með tölum úr bókhaldi Mílu fyrir árið 2017. Niðurstaða PFS er að mánaðarverð fyrir kopar-leigulínur í aðgangsneti hækka að meðaltali um 8%. Heilðsölugjaldskráin í heild sinni er í Viðauka 1 við ákvörðunina.

### Ákvörðun 11/2019

#### Endurskoðun á heilðsölugjaldskrá Mílu fyrir ljóslínur í götuskápa og ljóslínur í aðgangsneti – 16. apríl 2019

Ákvörðunin byggir á fyrri ákvörðunum PFS nr. 8/2014, 21/2014 og 24/2017. Um er að ræða uppfærslu á kostnaðarlíkani Mílu sem samþykkt var í ákvörðun PFS nr. 24/2017 með tölum úr bókhaldi Mílu fyrir árið 2017. Niðurstaða PFS er að mánaðarverð fyrir ljóslínur í aðgangsneti og fyrir ljóslínur í götuskápa hækka um 0,4% en heilðsöluverðin eru tilgreind í ákvörðunarorðunum. Stofngjöld munu haldast óbreytt.

### Ákvörðun 12/2019

#### Kvörtun Sýnar hf. vegna ráðstöfunar Mílu ehf. á fjarskiptainnvíðum félagsins með þátttöku þess í útboði Kópavogsbæjar – 29. apríl 2019

Í desember 2017 viðhafði Kópavogsbær útboð fyrir uppbyggingu á ljósleiðaratengingum fyrir sveitarfélagið. Útboðið skiptist í nokkra hluta en fól í sér að Kópavogsbær myndi eignast eigið lokað burðarnet að sjö ára samningstíma liðnum. Þá var kveðið á um heimild til samningsgerðar fyrir þjónustu við netin næstu 30 árin að samningstímanum loknum. Þjóðendum var heimilt að gera tilboð í einn eða fleiri tengda hluta og gerði Míla tilboð í tvo liði, þ.e. burðarnet stærri stofnana og burðarnet kjarna. Gekk Kópavogsbær til samninga við Mílu. Við uppbyggingu á neti Kópavogsbæjar nýtti Míla hluta af fyrirbyggjandi innviðum sínum.

Sýn lagði fram kvörtun til PFS og taldi að Míla hefði gerst brotleg við kvaðir sem hvíla á félaginu á grundvelli ákvarðana stofnunarinnar nr. 8/2014 um útnefningu fyrirtækis með umtalsverðan markaðsstyrk og álagningu kvaða á heilðsöllumarkaði fyrir lúkningarhluta leigulína (markaður 6) og nr. 21/2015 um útnefningu fyrirtækis með umtalsverðan markaðsstyrk og álagningu kvaða á heilðsöllumarkaði fyrir stofnlínuhluta leigulína (fyrrum markaður 14). Þá var jafnframt vísað með almennari hætti til ákvörðunar stofnunarinnar nr. 21/2014 um útnefningu fyrirtækis með umtalsverðan markaðsstyrk og álagningu kvaða á mörkuðum fyrir heilðsöluaðgang að föstum aðgangsnetum (M4) og breiðbandsaðgang í heilðsölu (M5). Nánar tiltekið taldi Sýn hf. að Míla hefði brotið gegn hluta aðgangskvaðar, þ.e. um að birta ekki lista yfir fyrirhugaðar jarðvegs- og lagnaframkvæmdir, og brotið gegn öðrum kvöðum sem á félaginu hvíla með því að m.a. gæta ekki jafnræðis og gagnsæis gagnvart öðrum fjarskiptafélögum.

Það er niðurstaða PFS að ráðstöfun Mílu á eigin innviðum til uppbyggingar á fjarskiptaneti fyrir Kópavogsbæ, og möguleg viðhaldsþjónusta af hálfu Mílu, falli ekki undir þá aðgangskvöð sem hvílir á félaginu í skilningi framangreindra ákvarðana stofnunarinnar. Byggir sú niðurstaða fyrst og fremst á því að ekki er fyrirséð að net Kópavogsbæjar verði opið fyrir aðgangi annarra aðila, þ.e. hvorki á heilðsölu- né smásölustigi. Netið mun því ekki hafa áhrif á heilðsölu- eða smásöllumarkaði á sviði fjarskipta sem er forsenda fyrir setningu kvaða á fyrirtæki sem skilgreint hefur verið með umtalsverðan markaðsstyrk. Þar sem aðrar kvaðir eru settar til að framfylgja aðgangskvöðinni er ljóst að þær komu ekki til skoðunar í málinu. Þá taldi stofnunin að þær jarðvegs- og lagnaframkvæmdir sem Míla lagði í við uppbyggingu netsins teljist sjálfstæð framkvæmd sem farið er í á forsendum annars aðila og kostuð af honum.

### Ákvörðun 13/2019

#### Umsókn Íslandspósts ohf. um framlag úr jöfnunarsjóði alþjónustu, frávisun að hluta – 15. maí 2019

Með ákvörðuninni vísaði stofnunin frá, að hluta, umsókn Íslandspósts ohf. um framlag úr jöfnunarsjóði alþjónustu. Nánar tiltekið er um eftirfarandi liði að ræða:

- Hraði og tíðni sendinga
- Dreifing í dreifbýli
- Sendingar fyrir blindi

Í niðurstöðu stofnunarinnar segir m.a. að kostnaður vegna þessara liða hafi verið innifalinn í gjaldskrá félagsins innan einkaréttar og hafi það m.a. komið fram í yfirferð PFS á bókhaldslegum aðskilnaði félagsins, við samþykki á gjaldskrá innan einkaréttar sem og í tengslum við breytingar á þjónustuframboði félagsins.

Jafnframt var vísað til þess að ef fallist yrði á heildar kröfu félagsins á framangreindu tímabili væri verið að bæta fyrirtækinu tjón sem væri langt umfram það sem gæti talist eðlilegt endurgjald í skilningi 1. mgr. 27. gr. laga um pósthjónustu.

Einnig hafi samanburður á niðurstöðu PFS í ákvörðun stofnunarinnar nr. 17/2015, úttekt Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands sem unnin var fyrir samgöngu- og sveitastjórnar ráðuneytið (áður innanríkisráðuneytið), dags. í júní 2017 og úttekt Copenhagen Economics fyrir ÍSP, dags. 22. mars 2018, sem umsókn félagsins hvílir á, leitt í ljós að niðurstöður þeirra væru um margt sambærilegar hvað varðar „hefðbundna“ alþjónustubyrði (þ.e. án erlendra sendinga).

Í ljósi þess að ÍSP hefði ekki sýnt fram á neinar forsendubreytingar varðandi útreikning á alþjónustubyrði um framangreinda þætti væri í reynd verið að óska eftir því að PFS myndi taka nýja ákvörðun á sama grundvelli og fyrri ákvörðun hennar byggði á. Leiddi það til frávisunar á umsókn ÍSP varðandi þennan hluta málsins. Stofnunin tiltók hins vegar í ákvörðuninni að hún myndi taka til meðferðar umsókn félagsins um framlag úr jöfnunarsjóði alþjónustu vegna erlendra póstsendinga í sérstöku máli.

### Ákvörðun 14/2019

#### Umsókn Íslandspósts ohf. um framlag úr jöfnunarsjóði alþjónustu, erlendar póstsendingar – 23. maí 2019

Með ákvörðuninni féllst stofnunin á umsókn Íslandspósts um framlag úr jöfnunarsjóði alþjónustu vegna útburðar á erlendum póstsendingum. Vísaði stofnunin m.a. til þess að Íslandspósti sé skylt að sinna alþjóðlegum skuldbindingum Íslands vegna aðildar ríkisins að UPU, sem og til 6. gr. laga um pósthjónustu og rekstrarleyfis fyrirtækisins.

Niðurstaða stofnunarinnar er að ófjármögnuð byrði ÍSP vegna erlendra sendinga sé 1.463 millj. kr. á tímabilinu 30. október 2014 til 31. desember 2018 eða sem nemur 350 millj. kr. að meðaltali á ári, sem jöfnunarsjóði alþjónustu er heimilt að greiða. Hafi þá verið tekið tillit til fyrningar krafna frá árunum 2013–2014 og að viðbættu árinu 2018. Jafnframt hafi krafa félagsins verið lækkuð vegna banns 1. mgr. 27. gr. þess efnis að ekki sé heimilt að sækja um framlag vegna alþjónustu vegna þjónustu sem heyrir undir einkarétt, en dreifing á póstsendingum erlendis frá undir 50 gr. falla undir einkarétt félagsins.

### Ákvörðun 15/2019

#### Krafa um dagsektir á Gagnaveitu Reykjavíkur – 29. maí 2019

Míla lagði fram kvartanir gegn Gagnaveitu Reykjavíkur (GR), dags. 4. og 5. apríl 2019. Annars vegar um að GR hefði tekið í notkun heimtaugar í fjarskiptainntaki, þar sem ekki væri fyrir hendi tengilisti og hins vegar að GR hefði tengt þráð innanhússfjarskiptalagnar tiltekinnar íbúðar í fjölbýlishúsi fram hjá tengilista í húskassa og bræðisoðið þráðinn beint við heimtaug félagsins í inntaksboxi þess. Krafðist Míla þess að GR tækju umræddar tengingar úr notkun að viðlögðum dagsektum.

Niðurstaða PFS var á þá leið að ákvörðun stofnunarinnar nr. 16/2018 væri bindandi varðandi hluta af ágreiningsefni málsins, þ.e. að fjarskiptafyrirtæki væri óheimilt að tengja og virkja heimtaugar í fjarskiptainntaki sem ekki uppfyllti kröfur um frágang samkvæmt 3. mgr. 7. gr. reglna nr. 1111/2015 um innanhússfjarskiptalagnir. PFS taldi þó rétt að veita GR

tækifæri á því að fara að bindandi fyrirætlum um að taka viðkomandi heimtaugar úr notkun áður en til álita kæmi að beita dagsektum. Þá var niðurstaða varðandi hinn hluta málsins sú að GR hefði borið að koma lausum þræði innanhússfjarskiptalagnar í viðkomandi íbúð fyrir við tengilista í húskassa fjarskiptainntaksins. Húseigandi hafi ekki haft heimild til að samþykka frávik frá þeirri kröfu.

### **Ákvörðun 16/2019** **Meint brot Sýnar (Vodafone) á fjölmiðlalögum** **– 20. júní 2019**

Með ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS) nr. 16/2019 komst stofnunin að þeirri niðurstöðu að Sýn (Vodafone) hafi ekki brotið gegn bannákvæði 5. mgr. 45. gr. fjölmiðlalaga nr. 38/2011. Ákvæðið leggur bann við því að fjölmiðlaveita beini viðskiptum viðskiptavina sinna að tengdu fjarskiptafyrirtæki.

Aðilar að málinu voru tveir, þ.e. Síminn sem kvartaði til PFS yfir meintu broti Sýnar og Sýn, sem kvörtunin sneri að. Ágreiningur málsins sneri að því að Síminn hélt því fram að skv. ákvörðun PFS nr. 10/2018 væri það brot á fjölmiðlalögum ef fyrirtæki dreifði myndefni aðeins í gegnum eigið fjarskiptakerfi og að Sýn hefði brotið gegn umræddri 5. mgr. 45. gr. fjölmiðlalaga þar sem félagið veitti eða hefði á ákveðnum tímamóntum einungis veitt aðgang að ólínulegu myndefni þess í gegnum eigið IPTV-fjarskiptakerfi og Sýn hefði ekki haft frumkvæði að því að bjóða efnið til annarra fyrirtækja á markaðnum. Einnig brytu ýmsar markaðsaðgerðir Sýnar að mati Símans í bága við umrædda 5. mgr. 45. gr. fjölmiðlalaga, sem og IP-dreifingargjald sem virtist eingöngu lagt á viðskiptavini fjölmiðlaveitu Sýnar sem væri á IPTV-kerfi Símans.

Í ákvörðun PFS nr. 10/2018 kemur fram að frá og með 1. október 2015 hafi ólínuleg myndmiðlun sjónvarpsefnis fjölmiðlaveitu Símans, vegna ákvörðunar Símans þar að lútandi, einungis verið í boði á IPTV-kerfi Símans sjálfs, en ekki á IPTV-kerfi Sýnar. Þessi miðlun hafi ekki verið tiltæk eftir öðrum flutningsleiðum og það sama hafi gilt um efnisveitu Símans, Sjónvarp Símans Premium. Þessi ákvörðun Símans leiddi til þess að tugþúsundir viðskiptavina Sýnar, Hringdu, Nova og fleiri félaga, sem nota ljós-

leiðaranet GR sem undirlag, áttu ekki kost á að nálgast umrætt myndefni, nema að færa sig yfir á undirliggjandi fjarskiptanet dótturfélags Símans, Mílu, eða kaupa heimtaugaþjónustu af bæði Mílu og GR. Var þetta talið fela í sér alvarlegan aðstöðumun á milli IPTV-sjónvarpsdreifikerfa Símans og Sýnar og talið takmarka valkosti þeirra sem keyptu þjónustu af öðrum þjónustuveitendum. Einnig hefði þetta skapað alvarlegan aðstöðumun á milli Mílu og GR á samkeppnismarkaði yfir undirliggjandi fjarskiptanet. PFS komst að þeirri niðurstöðu að Síminn hefði framið brot gegn ákvæði 5. mgr. 45. gr. fjölmiðlalaga með því að ólínuleg myndmiðlun sjónvarpsefnis Símans hefði einungis verið í boði á IPTV-kerfi Símans, þ.e. hjá tengdu fjarskiptafyrirtæki.

Sá grundvallarmunur er hins vegar á málunum að ekki er um að ræða neins konar synjun á aðgangi að efni þar sem Síminn hafði aldrei óskað eftir því efni sem kvörtunin beindist að og ekki þriðji aðili heldur. En 5. mgr. 45. gr. fjölmiðlalaga er ætlað að koma í veg fyrir að efni, sem ekki er kostur á að nálgast annars staðar og dreifing þess, sé bundin við sama lokaða fjarskiptanetið. Þar sem í máli þessu væri ekki fyrir að fara nokkurs konar sölusynjun yrði því ekki með óyggjandi hætti talið að Sýn hefði brotið gegn 5. mgr. 45. gr. fjölmiðlalaga og var það mat PFS að Sýn hefði ekki beint viðskiptavinum efnisþjónustu sinnar að tengdu fjarskiptafyrirtæki og því ekki brotið gegn 5. mgr. 45. gr. fjölmiðlalaga.

### **Ákvörðun 17/2019** **Fjarskiptatruflanir af völdum talstöðvarnotkunar** **– 16. júlí 2019**

Póst- og fjarskiptastofnun barst kvörtun frá neytanda vegna truflana á fjarskiptum. Í erindinu kom fram að talstöðvarnotkun nágrannans, sem væri radíóáhugamaður, truflaði sjónvarpsmóttöku og gæði nettengingar kvartanda. Krafa kvartanda laut að því að framkvæmd yrði úttekt og lausn yrði fundin á málinu. Í kjölfar athugunar PFS var það ótvírætt álit stofnunarinnar að radíóútsendingar á tilteknum tíðnisviðum úr sendistöð nágrannans yllu fjarskiptatruflunum á VDSL-línu kvartanda. Radíóáhugamaðurinn taldi ekki sýnt fram á að búnaður hans væri bilaður og taldi útsendingar sínar vera innan þeirra tíðnisviða sem honum væru heimilaðar skv. leyfisbréfi.

Með bráðabirgðaákvörðun þessari takmarkar PFS heimild radióáhugamanns við útsendingar á tilteknum tíðnisviðum. Stofnunin vísar til þeirrar undirstöðureglu að fjarskiptavirki njóti forgangs þegar notkun þess og annars tækis eða hlutar er ósamrýmanleg á sama stað á sömu stundu. Undir slíkum kringumstæðum og ef um skaðlega truflun er að ræða ber að gera viðeigandi ráðstafanir varðandi hinn hlutinn, þ.e. truflunarvaldinn, þannig að honum sé breytt, hann færður úr stað eða fjarlægður, sbr. 64. gr. fjarskiptalaga.

Radióáhugamanni var því gert að takmarka útgeisl að afl sendistöðvar sinnar á tilteknum tíðnisviðum. Með tilliti til sjónarmiða um meðalhóf þótti stofnuninni rétt að láta þau fyrirmæli gilda tímabundið, svo að hægt væri að nota sendibúnaðinn og radióáhugamanni gæfist ráðrúm til að gera ráðstafanir sem leystu truflanavandann.

### Ákvörðun 18/2019

#### Afturköllun á tíðniheimild Yellow Mobile B.V. – 23. ágúst 2019

Í kjölfar uppboðs á tíðniheimildum til að veita far- netsþjónustu, sem Póst- og fjarskiptastofnun (PFS) hélt í maí 2017, fékk hollenska fjarskiptafyrirtækið Yellow Mobile B.V. úthlutaða tíðniheimild fyrir 2x10 MHz á 2600 MHz tíðnisviðinu. Tíðniheimildin var gefin út þann 7. júlí 2017. Samkvæmt skilmálum tíðniheimildarinnar bar réttthafa að hefja notkun tíðninnar innan 12 mánaða frá útgáfu hennar eða í síðasta lagi 7. júlí 2018. Með „notkun“ var sérstaklega tiltekið að átt væri við að fjarskiptaþjónustan væri virk og stæði almenningi til boða með aðgengilegum hætti í áskrift og/eða frelsisnotkun.

Rúmum tveimur árum eftir að tíðniheimildinni var úthlutað hafði Yellow ekki hafið nýtingu hennar, þ.e.a.s. enn stóð engin fjarskiptaþjónusta neytendum til boða með aðgengilegum hætti samkvæmt skilgreindum þjónustuleiðum. PFS hafði veitt Yellow framlengda fresti til að efna skuldbindingar sínar, en án árangurs. Miðað við framlengda tímafresti og afhafnaleysi Yellow við að koma fjarskiptaþjónustunni í framkvæmd taldi PFS það fullreynt að félagið myndi standa við skuldbindingar sínar. Af framangreindum ástæðum var tíðniheimild Yellow Mobile B.V. afturkölluð.

### Ákvörðun 19/2019

#### Umsókn Mílu ehf. um framlag úr jöfnunarsjóði alþjónustu, ósanngjörn byrði – 11. september 2019

Með ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar nr. 25/2018 komst stofnunin að þeirri niðurstöðu að Míla myndi mögulega loka fyrir aðgang á alls 97 símstöðvum, ef ekki væri fyrir hendi kvöð um að útvega tengingar í samræmi við ákvæði laga um alþjónustu.

Einnig var það niðurstaða stofnunarinnar að tap félagsins vegna alþjónustuskuldunnar væri eftirfarandi:

Beinn nettókostnaður	121.036.950 kr.
Markaðsávinningur frádraginn	-54.289.967 kr.
Nettókostnaður samtals:	66.746.983 kr.

Forsenda fyrir því að tapið sé greitt úr jöfnunarsjóði alþjónustu er að tapið sé metið ósanngjörn byrði á Mílu í skilningi 1. mgr. 21. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003.

Með ákvörðun PFS nr. 19/2019 komst PFS að þeirri niðurstöðu að nettókostnaður Mílu að upphæð 66.746.983 kr. væri ekki ósanngjörn byrði á símasamstæðunni í skilningi 1. mgr. 21. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003. Sbr. einnig reglugerð nr. 1356/2007 um alþjónustu á sviði fjarskipta, þ.e. hvort tapið hafi veruleg áhrif á rekstrargetu fyrirtækisins og samkeppnismöguleika eða stofni efnahag þess í hættu.

Niðurstaða stofnunarinnar byggði m.a. á samanburði á nettókostnaði við nokkur þekkt fjárhagsleg viðmið sem höfð voru til hliðsjónar við mat á því hvort alþjónustubyrði símasamstæðunnar væri ósanngjörn eða ekki.

### Ákvörðun 20/2019

#### Krafa um dagsektir á GR fyrir að virkja heimtaugar í fjarskiptainntaki sem ekki uppfyllir kröfur – 7. október 2019

Míla lagði fram kvartanir gegn Gagnaveitu Reykjavíkur (GR), dags. 28. ágúst og 6. september 2019, fyrir að hafa tekið í notkun heimtaugar í fjarskiptainntaki þar sem ekki væri fyrir hendi tengilisti. Krafðist Míla þess að GR tækju umræddar tengingar úr notkun að viðlögðum dagsektum.

Niðurstaða PFS var að vísa frá hluta af kvörtun Mílu varðandi tiltekna húseignir sem kvörtunin tók til, þar sem leyst hefði verið úr efnislega sömu kröfu á milli sömu aðila með ákvörðun PFS. nr. 16/2018. Þá var til staðar tengilisti í fjarskiptainntaki í hluta þeirra húseigna sem kvartað var undan. Var kröfu Mílu um aftengingu GR í þeim því hafnað.

Hins vegar var það niðurstaða PFS að GR hefði í trássi við reglur, sbr. niðurstöðu í ákvörðun PFS nr. 15/2019, tengt heimtaugar sínar í tilteknum húseignum án þess að frágangur í fjarskiptainntaki þeirra uppfyllti kröfur 3. mgr. 7. gr. reglna nr. 1111/2015 um innanhússfjarskiptalagnir. Var lagt fyrir GR að taka umræddar heimtaugar úr notkun innan tiltekinna tíma- marka.

Kröfu Mílu um beitingu dagsekta vegna þeirra heimtauga sem GR bar að aftengja var aftur á móti hafnað að svo stöddu.

### **Ákvörðun 21/2019**

#### **Tengdir þræðir aftengdir í fjarskiptainntaki og brot á tilkynningarskyldu – 14. október 2019**

Með erindi, dags. 13. maí 2019, kvartaði GR yfir því að Míla hefði aftengt tengdan þráð GR í fjarskiptainntaki tiltekinna húseigna í stað þess að nota lausan aukapráð innanhússfjarskiptalagnar. Auk þess hefði Míla ekki sinnt tilkynningarskyldu við rof á tengdum þræði. Bryti þetta gegn 4. og 5. mgr. 7. gr. reglna nr. 1111/2015, eins og ákvæðinu var breytt með reglum nr. 421/2018.

Niðurstaða PFS var að frávísa kvörtuninni varðandi tiltekna húseignir. Annars vegar var um að ræða þær húseignir sem Míla hafði tengt fyrir gildistöku reglu- breytinganna nr. 421/2018 þann 1. júlí 2018 og hins vegar tiltekna húseignir, þar sem um var að ræða einstaka óhappatilvik, tilfallandi skemmd á innanhússfjarskiptalögn eða óútskýrt atvik í fjarskiptainntaki sem PFS taldi ekki þörf á að rannsaka frekar.

Það var álit PFS að 3. mgr. 7. gr. reglna nr. 1111/2015 um innanhússfjarskiptalagnir, eins og ákvæðinu var breytt með reglum nr. 421/2018, yrði ekki túlkuð á þann veg að skylt sé að leggja aukapráð innanhússfjarskiptalagnar í allar íbúðir fjölbýlishúss þegar verið er að tengja einstaka íbúðir þess með bræðisuðu- aðferð. Skortur á því að fyrir hendi væru lausir auka-

þræðir innanhússfjarskiptalagnar fyrir allar íbúðir í þeim húseignum sem kvörtun GR tæki til gæti því ekki skapað rétt fyrir Mílu um að aftengja tengdan þráð GR í fjarskiptainntaki.

PFS benti á að bræðisuða heimtauga við innanhússfjarskiptalagnir væri lögsmæt og viðurkennd tengiaðferð, að vissum skilyrðum uppfylltum. Hvað varðar fjölbýlishús væri gerð krafa um að laus aukapráður sé lagður í þá íbúð sem verið væri að tengja og hann gerður aðgengilegur í tengilista. Það væri á ábyrgð húseiganda að uppfylla þessa kröfu. Vanrækti húseigandi að uppfylla þá skyldu veitti það Mílu ekki rétt til að aftengja tengdan þráð GR í fjarskiptainntaki.

Míla bar fyrir sig erfiðleika við að finna réttan þráð innanhússfjarskiptalagnar þegar þeir eru hluti af knippi með öðrum þráðum. Hætta væri á því að valda skemmdum á öðrum þráðum í knippinu þegar leitað væri að réttum þræði. Að álit PFS væri tiltölulega einfalt að lýsa upp réttan þráð og staðsetja hann í knippinu. Ekki væri meiri hætta á skemmdum heldur en almennt eigi við þegar unnið er með ljósleiðaraþræði í fjarskiptainntaki. Jafnvel þótt einhver aukin hætta væri á skemmdum myndi það ekki réttlæta að klippt væri á tengdan þráð og valda þannig rofi á tengingu og mögulega skemmd á þeim þræði.

PFS gat ekki fallist á sjónarmið Mílu um að of stuttur aukapráður gæti réttlætt að aftengja tengdan þráð innanhússfjarskiptalagnar. Aukapráðurinn þyrfti þá að vera verulega stuttur (innan við 5 cm). Undir slíkum kringumstæðum væri rétt að gera GR viðvart og veita félaginu tækifæri til að bæta úr áður en farið væri í að aftengja tengda þráðinn.

Efnisleg niðurstaða málsins var á þá leið að Míla hefði brotið gegn 4. og 5. mgr. 7. gr. reglna nr. 1111/2015, eins og ákvæðinu var breytt með reglum nr. 421/2018, varðandi hluta af þeim húseignunum sem kvörtunin tók til.

### **Ákvörðun 22/2019**

#### **Heildsöluverð fyrir lúkningu símtala í föstum almennum talsímanetum – 24. október 2019**

Ákvörðun þessi byggir á ákvörðun PFS nr. 22/2016, dags. 23. desember 2016, um útnefningu fyrirtækja með umtalsverðan markaðsstyrk og álagningu kvaða á heildsölumörkuðum fyrir lúkningu símtala í

föstum almennum talsímanetum. Kveðið er á um í hinni nýju ákvörðun að heildsöluverð fyrir lúkningu símtala í föstum almennum talsímanetum skuli vera að hámarki 0,12 kr./mín. fyrir tímabilið 1. janúar 2020 til 31. desember 2020. Núverandi lúkningarverð er 0,12 kr. á mínútu og því munu verð fyrir lúkningu símtala í fastanetinu ekki breytast um næstu áramót.

Á tímabilinu 9. ágúst til 30. ágúst sl. fór fram innanlandssamráð um niðurstöðu PFS um heildsöluverð fyrir lúkningu símtala í farsímanetum og föstum almennum talsímanetum. Engar athugasemdir bárust í samráðinu. Þá voru drög að ofangreindum ákvörðunum send Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) og öðrum eftirlitsstofnunum á EES-svæðinu til samráðs þann 20. september sl. Álit ESA barst stofnuninni 18. október sl. og gerði stofnunin ekki athugasemdir við ákvörðunardrög PFS. Álit ESA fylgir í viðauka við ofangreindar ákvarðanir.

### **Ákvörðun 23/2019**

#### **Heildsöluverð fyrir lúkningu símtala í einstökum farsímanetum – 24. október 2019**

Ákvörðunþessi byggir á ákvörðun PFS nr. 20/2015, dags. 31. júlí 2015, um útnefningu fyrirtækja með umtalsverðan markaðsstyrk og álagningu kvaða á heildsölumörkuðum fyrir lúkningu símtala í einstökum farsímanetum. Kveðið er á um í hinni nýju ákvörðun að heildsöluverð fyrir lúkningu símtala í einstökum farsímanetum skuli vera að hámarki 1,02 kr./mín. fyrir tímabilið 1. janúar 2020 til 31. desember 2020. Núverandi lúkningarverð, 0,96 kr. á mínútu, mun gilda áfram óbreytt til og með 31. desember 2019.

Á tímabilinu 9. ágúst til 30. ágúst sl. fór fram innanlandssamráð um niðurstöðu PFS um heildsöluverð fyrir lúkningu símtala í farsímanetum og föstum almennum talsímanetum. Engar athugasemdir bárust í samráðinu. Þá voru drög að ofangreindum ákvörðunum send Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) og öðrum eftirlitsstofnunum á EES-svæðinu til samráðs þann 20. september sl. Álit ESA barst stofnuninni 18. október sl. og gerði stofnunin ekki athugasemdir við ákvörðunardrög PFS. Álit ESA fylgir í viðauka við ofangreindar ákvarðanir.

### **Ákvörðun 24/2019**

#### **Fjarskiptatruflanir af völdum talstöðvarnotkunar – 29. október 2019**

PFS barst kvörtun frá neytanda vegna truflana á fjarskiptum að heimili hans. Í erindi kvartanda kom fram að talstöðvarnotkun nágrannans, sem væri radióáhugamaður, truflaði sjónvarpsmóttöku og gæði nettengingar. Í kjölfar athugunar PFS var það ótvírætt álit stofnunarinnar að radióútsendingar á tilteknum tíðnisviðum úr sendistöð nágrannans yllu fjarskiptatruflunum að heimili kvartanda. Radióáhugamaður taldi ekki sýnt fram á að búnaður hans væri bilaður og að útsendingar hans væru innan þeirra tíðnisviða sem honum væru heimilaðar skv. leyfisbréfi. Með bráðabirgðaákvörðun nr. 17/2019 takmarkaði PFS heimild radióáhugamanns við útsendingar á tilteknum tíðnisviðum. Í niðurstöðukafla bráðabirgðaákvörðunar sagði að sú ráðstöfun gæti orðið varanleg lausn á málinu, þ.e.a.s. ef radióáhugamaður gerði ekki aðrar ráðstafanir til úrbóta á gildistíma ákvörðunarinnar eða þær skiluðu ekki árangri, annars væri óhjákvæmilegt fyrir stofnunina að grípa til frekari aðgerða. Eftir gildistöku bráðabirgðaákvörðunarinnar bárust PFS fleiri tilkynningar frá kvartanda um fjarskiptatruflanir.

Að lokinni vettvangsathugun var það mat PFS að fyrirmæli bráðabirgðaákvörðunarinnar hefðu ekki skilað árangri og truflanirnar væru enn til staðar. Stofnunin leit svo á að um truflanir í skilningi 64. gr. fjarskiptalaga væri að ræða en samkvæmt ákvæðinu ber að gera viðeigandi ráðstafanir varðandi truflunarvaldinn, ef um skaðlega truflun er að ræða. PFS taldi sýnt að fjarskipti að heimili kvartanda yrðu áfram í hættu ef sendingar radióáhugamanns héldu áfram á ákveðnum tíðnisviðum. Að mati stofnunarinnar var því nauðsynlegt að setja takmörkun á heimild radióáhugamanns við útsendingar úr sendistöð sinni. Stofnunin gerði honum því að stöðva útsendingar á tilteknum tíðnisviðum þar til hann hefði gert varanlegar ráðstafanir á tækjabúnaði sínum. PFS þótti rétt að láta þau fyrirmæli taka gildi nokkru síðar en með því gæfist radióáhugamanni ráðrúm til að gera slíkar ráðstafanir. Úrbæturnar þyrfti að bera undir stofnunina til samþykktar áður en útsendingar mættu hefjast aftur á viðkomandi tíðnisviðum.

## Ákvörðun 25/2019

### Tilboð Nova um ómælda gagnanotkun efnisveitunnar Snapchat – 11. nóvember 2019

PFS barst kvörtun frá neytanda vegna tilboðsins „Endalaust Snapp“ frá Nova, en tilboðið fól í sér að gagnamagn samfélagsmiðilsins Snapchat var ómælt.

Taldi kvartandi að tilboð Nova fæli í sér mismunur á fjarskiptaumferð án verulegs ábata fyrir neytendur og þar með brot á nethlutleysisreglum.

Umrætt tilboð Nova náði einungis til samfélagsmiðilsins Snapchat og var tilboðið að frumkvæði og á ábyrgð og kostnað Nova.

Um einhliða söluhvetjandi aðgerð hefði verið að ræða sem hefði staðið viðskiptavinum Nova til boða í tiltekinn tíma og án aukins kostnaðar.

Að mati PFS hefði Nova ekki verið að hygla Snapchat umfram aðrar efnisveitur enda lá ekki fyrir neins konar samningurmílli Nova og Snapchat, né væri fyrir að fara einhvers konar neitun, hindrun eða takmörkun fyrir aðrar sambærilegar veitur. Var tilboðið því ekki til þess fallið að leiða til þeirra aðstæðna að val endanlegra notenda hefði verið verulega takmarkað í raun og því ekki um að ræða brot á 41. gr. fjarskiptalaga né hefði tilboðið verið andstætt 2. mgr. 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og Ráðsins (ESB) nr. 1128/2018, sem öðlaðist lagalegt skuldbindingargildi hér á landi með reglugerð ráðherra nr. 1128/2018.

## Ákvörðun 26/2019

### Gjaldskrá Mílu fyrir 100 G Hraðbrautarsambönd – 19. nóvember 2019

Með ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS) nr. 26/2019 samþykkir stofnunin nýja heildsölugjaldskrá Mílu fyrir 100 Gb/s Hraðbrautir og nýjan tengistað fyrir 100 Gb/s Hraðbraut til gagnavers á Blönduósi. Mánaðarverð fyrir 1 Gb/s og 10 Gb/s Hraðbrautar-sambönd sem og stofngjaldið mun haldast óbreytt þar til stofnlínugjaldskrá Mílu verður endurskoðuð næst.

Hraðbrautarsambönd Mílu hafa hingað til verið takmörkuð við höfuðborgarsvæðið og gagnaver í Reykjanesbæ, þ.e. innan við 50 km frá Reykjavík. Því þurfti að taka tillit til meiri vegalengdar til Blöndu-

óss en til fyrirbyggjandi tengistaði fyrir Hraðbrautar-sambönd Mílu þar sem undirliggjandi gjaldskrá sem Hraðbrautarsamböndin byggja á er háð kílómetra-fjölda. Gjaldskráin fyrir 100 Gb/s Hraðbrautarsambönd er núna skipt í tvo flokka eftir vegalengd, undir 50 km og yfir 100 km.

PFS hefur yfirfarið útreikninga Mílu á heildsöluverði fyrir 100 Gb/s Hraðbrautir. Niðurstaðan er að verð fyrir 100 Gb/s Hraðbraut til Keflavíkur (undir 50 km) verður 424.404 kr./mán. og að verð fyrir 100 Gb/s Hraðbrautir til gagnavers á Blönduósi (yfir 100 km) verður 848.808 kr./mán. Hækkunin á verði fyrir 100 Gb/s Hraðbraut til Keflavíkur nemur tæpum 4%. Núverandi verð fyrir 100 Gb/s Hraðbrautarsambönd byggja á kostnaði frá árinu 2016 og er hækkunin undir hækkun á byggingavísitölu og vísitölu neysluverðs frá þeim tíma. PFS gerir því ekki athugasemd við þessa hækkun.

Á tímabilinu 26. september til 10. október sl. fór fram innanlandssamráð um umræddar breytingar á gjaldskrá Mílu. Athugasemdir bárust frá Farice og er gerð grein fyrir þeim í 2. kafla ákvörðunarinnar ásamt andsvörum Mílu og afstöðu PFS. PFS sendi stutta tilkynningu (e. short notification) til ESA til samráðs á EES-svæðinu þann 16. október sl., sbr. c-lið 6. málsgreinar tilmæla ESA um tilkynningar, tímafresti og samráð frá 2. desember 2009, ákvæði 1. mgr. 7. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun, og 7. gr. rammatilskipunar ESB. Samráðinu lauk þann 15. nóvember sl. og hefur PFS mótttekið álit ESA sem fylgir með í viðauka II við ákvörðun þessa. ESA gerði engar athugasemdir við áform PFS í ákvörðunar-drögum sínum sem lýst var í tilkynningu PFS til ESA.

## Ákvörðun 27/2019

### Ítrekað brot Símans hf. gegn bannákvæði 5. mgr. 45. gr. fjölmiðlalaga – 29. nóvember 2019

Ákvörðunin varðar kvörtun Símans hf. til PFS vegna tilboðs Nova hf. á Apple TV-tæki með ljósleiðarabjónustu síðarnefnda félagsins. Viðskiptavinum Nova stóð til boða að kaupa Apple TV 4K á 9.990 kr. í stað 24.990 kr. en tilboðið miðaðist við 12 mánuði í ljósleiðarabjónustu félagsins. Ef áskrifandi sagði þjónustunni upp innan þess tíma þurfti hann að greiða upp mismun á tilboðsverði og fullu verði.

Síminn taldi þetta skilyrði Nova fyrir afslættinum fara gegn 2. mgr. 37. gr. fjarskiptalaga en ákvæðið kveður á um að óheimilt sé í samningi að kveða á um lengri binditíma áskrifenda en sex mánuði og krafðist Síminn þess að PFS bannaði umrætt tilboð.

### **Ákvörðun 28/2019**

#### **Úttekt á tækjarými Mílu ehf. á náttúruvæðri Örafajökuls – 5. desember 2019**

Póst- og fjarskiptastofnun hefur tekið ákvörðun nr. 28/2019 er varðar úttekt á tækjarými Mílu ehf. á náttúruvæðri Örafajökuls

Niðurstaða stofnunarinnar er sú að raunlæg vernd tækjarýmisins sé í samræmi við þær öryggisráðstafanir sem félagið hefur valið sem og lágmarksviðmið 10. gr. reglna nr. 1222/2007 um virkni almennra fjarskiptaneta, sbr. 2. og 3. mgr. 47. gr. fjarskiptalaga nr. 81/2003. Mílu er þó gert að bregðast við athugasemdum stofnunarinnar sem teljast til frávika, sbr. úttektarskýrslu Póst- og fjarskiptastofnunar, sem er viðauki við ákvörðunina, innan fjögurra mánaða frá dagsetningu hennar.

Úttektin var liður í fyrirbyggjandi eftirliti stofnunarinnar með raunlægri vernd fjarskiptainnvíða. Áður hefur stofnunin framkvæmt úttektir á öðrum mikilvægum tækjarýmum Mílu, tækjarýmum landtöku- staða sæstrengja Farice ehf. og varaafli sendastaða farnetsrekenda á náttúruvæðum Kötlu sem og Örafajökli.

### **Ákvörðun 29/2019**

#### **Skylda Íslandspósts ohf. til að veita alþjónustu um land allt – 11. desember 2019**

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið fól Póst- og fjarskiptastofnun, í samræmi við 1. mgr. 11. gr. laga um póstpjónustu nr. 98/2019, að útnefna alþjónustuveitanda í pósti frá og með 1. janúar 2020.

Vegna þess hversu skammur tími var til stefnu var það mat PFS að nauðsynlegt væri að taka bráða- birgðaákvörðun og var Íslandspósti falið að sinna þeirri þjónustu sem fellur undir alþjónustu sem og alþjóðlegum skuldbindingum Íslands, enda enginn annar aðili sem gæti tekist á hendur þessar skuldbindingar með svo skömmum fyrirvara.

Ákvörðunin mun gilda þar til málsmeðferð samkvæmt 2. mgr. 11. gr. laga um póstpjónustu nr. 98/2019 hefur farið fram en þar er kveðið á um að við val á þjónustuveitanda til að veita alþjónustu skuli viðhafa opið, gagnsætt og hlutlægt ferli þar sem gætt er jafnræðis. Í samræmi við þetta lagaákvæði verður birt samráðsskjal á fyrri hluta næsta árs og allri málsmeðferð lokið á árinu 2020. Í samráðinu verður m.a. fjallað um nauðsyn þess að útnefna fyrirtæki með alþjónustuskyldur sem og hversu víðfeðm útnefningin skal vera. Fjallað verður um gæði þjónustu, mögulegar þjónustubreytingar og forsendur fyrir greiðslu ríkisins á kostnaði vegna alþjónustu, sbr. 6. mgr. 12. gr. laga um póstpjónustu nr. 98/2019.

Í ákvörðun stofnunarinnar, í samræmi við ákvörðun ráðuneytisins, er einnig kveðið á um framlag til handa Íslandspósti, að upphæð 250 millj. kr. vegna alþjónustu fyrirtækisins á árinu 2020, sem kemur til greiðslu í byrjun ársins 2020. Framlagið mun verða greitt út með þeim fyrirvara að ef metin alþjónustubyrði verður lægri mun koma til endurgreiðslu af hálfu Íslandspósts.

### **Ákvörðun 30/2019**

#### **Endurákvörðun rekstrargjalds Farice ehf. vegna rekstraráranna 2015–2018 – 20. desember 2019**

PFS endurávarðaði rekstrargjald Farice ehf. vegna rekstraráranna 2015–2018 þar sem stofnunin komst að þeirri niðurstöðu að félagið hefði ekki talið fram alla gjaldskylda veltu á umræddu tímabili. Farice hélt því fram að hin vanframtalda velta tengdist ekki fjarskiptastarfsemi hér á landi en því var PFS ósammála.

### **Ákvörðun 31/2019**

#### **Dreifing pósts til tiltekins bæjar í Arnarfirði – 20. desember 2019**

PFS barst erindi frá ÍSP þar sem þess var óskað að fyrirtækið fengi heimild til að hætta póstdreifingu yfir vetrartímann til tiltekins bæjar í Arnarfirði.

ÍSP, sem alþjónustuveitanda, er skylt að bera út póst til allra einstaklinga sem hafa fasta búsetu. Fyrirtækið taldi aftur á móti að undanþágutilfelli 10. gr. reglugerðar um alþjónustu nr. 364/2003 ættu við, þ.e. fjarlægðir, takmörkuð vetrarþjónusta Vegagerðarinnar,



lélegt vegasamband, sem og að kostnaður við að veita þjónustuna væri byrði á fyrirtækinu. Þá vísaði fyrirtækið einnig til þess að það gæti verið beinlínis lífshættulegt að aka þessa leið.

Það var niðurstaða PFS að ekki væru svo sérstakar eða landfræðilegar aðstæður sem réttlættu að hætt yrði póstdreifingu að bænum að vetrarlagi. Þá fékk PFS ekki heldur séð að kostnaður vegna dreifingar væri óhófleg byrði á fyrirtækinu. Skyldan sem hvílir á ÍSP um afhendingu póstsendinga væri hins vegar ekki fortakslaus og hún gerði ekki starfsmönnum fyrirtækisins að leggja sig í hættu við útburð. PFS tók fram að gert væri ráð fyrir því í alþjónustureglugerð að ÍSP gæti lagt mat á það hverju sinni hvort aðstæður á svæðinu væru með þeim hætti að rétt væri að fella niður einstakar ferðir. Útburður ætti síðan að færast í eðlilegt horf þegar slíkar aðstæður væru ekki lengur fyrir hendi.

PFS leit því svo á að ÍSP bæri skylda skv. póstlögum og alþjónustureglugerð að dreifa póstsendingum að bænum þegar aðstæður leyfðu. PFS hafnaði því ósk ÍSP.

## Úrskurðir Úrskurðarnefndar fjarskipta og póstmála

### Úrskurður í máli nr. 2/2018 – Kæra á ákvörðun PFS nr. 5/2018 um jarðvegsframkvæmdir Mílu ehf. – 21. júní 2019

Úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála hefur úrskurðað í máli nr. 2/2018 þar sem hluti ákvörðunar PFS nr. 5/2018 er felldur úr gildi.

Míla ehf. kærði ákvörðun PFS nr. 5/2018 þar sem stofnunin komst að þeirri niðurstöðu að félagið hefði brotið gegn aðgangs- og jafnræðiskvöðum sem hvíla á félaginu skv. ákvörðun nr. 21/2014, með þriðgreindum hætti vegna framkvæmda félagsins í Setbergslandi í Hafnarfirði.

Í fyrsta lagi hafi félagið brotið gegn kvöð um að birta ekki lista yfir fyrirhugaðar jarðvegs- og lagnaframkvæmdir, sem er hluti aðgangskvaðar, áður en það fór í framkvæmdir í Lindarbergi í Hafnarfirði, sbr. 1. mgr. ákvörðunarorða PFS. Í öðru lagi hafi Míla ehf. gerst brotlegt við sömu kvöð með því að auglýsa

einungis fyrirhugaða skurði félagsins í auglýsingum félagsins, annars vegar í götunum Lækjarbergi, Móbergi, Skálabergi og Sólbergi og hins vegar Úthlíð, Steinhlíð, Brekkuhlíð og Stekkjarbergi í Hafnarfirði, sem og fyrir að veita ekki ítarlegri upplýsingar um framkvæmdir í fyrrnefndu götunum, sbr. 2. mgr. ákvörðunarorða PFS. Í þriðja lagi hafi Míla ehf. brotið gegn ákvæðum aðgangs- og jafnræðiskvaðar með því að veita Gagnaveitu Reykjavíkur ehf. (GR) ekki aðgang í heimtaugarör sín í Lækjarbergi, Móbergi, Skálabergi og Sólbergi og gæta ekki jafnræðis milli tengdra og ótengdra aðila, sbr. 3. mgr. ákvörðunarorða PFS.

Úrskurðarnefnd staðfesti 1. mgr. ákvörðunarorða stofnunarinnar en felldi 2. og 3. mgr. úr gildi.

Hvað varðar 1. ml. 2. mgr. taldi nefndin að orðalag kvaðarinnar um að birta lista yfir fyrirhugaðar jarðvegs- og lagnaframkvæmdir, skv. ákvörðun PFS nr. 21/2014, yrði ekki túlkað með meira íþyngjandi hætti en orðalag hennar kveður á um. Í umræddri ákvörðun komi ekki fram hversu nákvæmar upplýsingarnar eigi að vera í tilkynningum Mílu. Telur úrskurðarnefndin því fullnægjandi að Míla ehf. auglýsi að tiltekna jarðvegs- og lagnaframkvæmdir séu fyrirhugaðar eftir tiltekinn tíma og á tilteknum svæðum.

Hvað varðar 2. ml. 2. mgr. og 3. mgr. ákvörðunarorða PFS taldi úrskurðarnefndin að svo mikill óskýrleiki hafi verið í samskiptum beggja aðila, þ.e. Mílu og GR, vegna umræddra framkvæmda að ekki sé hægt að komast að þeirri niðurstöðu að Míla hafi í reynd neitað og/eða að yfirlögðu ráði ekki veitt ítarlegri upplýsingar um fyrirhugaðar framkvæmdir í Lækjarbergi, Móbergi, Skálabergi og Sólbergi.

### Úrskurður í máli nr. 1/2019 – Kæra á ákvörðun PFS nr. 27/2018 um tilboð Nova á Apple TV 4k með ljósleiðara – 21. júní 2019

Úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála hefur úrskurðað í máli nr. 1/2019 þar sem felld er úr gildi ákvörðun PFS nr. 27/2018 varðandi tilboð Nova hf. á Apple TV tæki með ljósleiðara.

Tilboð Nova fól í sér að kaupendur Apple TV-tækis fengu afslátt af því ef þeir voru áskrifendur að ljós-

leiðaraþjónustu hjá Nova. Sá afsláttur var hærri eftir því sem kaupandi var lengur í áskrift en afslátturinn var mestur ef kaupandi var með áskrift í 12 mánuði. Ef kaupandi vildi hætta með ljósleiðaraáskrift hjá Nova innan 12 mánaða þurfti hann að endurgreiða hluta af þeim afslætti sem hann hafði fengið af tæk- inu í réttu hlutfalli við þá mánuði sem hann átti eftir af tímabilinu.

Nova kærði ákvörðun PFS þess efnis að umrætt til- boð Nova stríddi gegn 2. mgr. 37. gr. fjarskiptalaga en ákvæðið kveður á um að óheimilt sé í samningi að kveða á um lengri binditíma áskrifenda en sex mánuði. Niðurstaða PFS í hinni kærðu ákvörðun skýrðist einkum af því mati stofnunarinnar að gjald (hlutfallsleg endurgreiðsla afsláttar) sem tilkomið væri vegna þjónustuflutnings yrði ótvírætt hindrun í vegi neytenda til að skipta um þjónustuveitanda. Að mati PFS gekk tilboð Nova gegn markmiði 2. mgr. 37. gr. um hreyfanleika neytenda.

Úrskurðarnefndin féllst ekki á svo rúma túlkun PFS á ákvæðinu. Nefndin vísaði m.a. til þess að þó að skil- málarnir sem tilboð Nova kvað á um hafi vissulega að ákveðnu leyti tengst áskriftarsamningi kaupanda væru þeir tilkomnir vegna kaupa á tiltekinni vöru. Að mati nefndarinnar tæki ákvæði 2. mgr. 37. gr. fjar- skiptalaga samkvæmt orðanna hljóðan einungis til þess tilviks að kveðið væri á um lengri binditíma en sex mánuði í áskriftarsamningi. Úrskurðarnefndin taldi að hin kærða ákvörðun ætti sér ekki fullnægj- andi lagastoð í 2. mgr. 37. gr. fjarskiptalaga og því yrði að fella hana úr gildi.

#### **Úrskurður í máli nr. 2/2019 – Kæra á ákvörðun PFS nr. 3/2019, um framkvæmd fjárhagslegs aðskilnaðar hjá Gagnaveitu Reykjavíkur ehf. 2016-2017 – 4. október 2019**

Úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála staðfesti ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS) nr. 3/2019 sem varðaði úttekt á fjárhagslegum aðskilnaði Gagnaveitu Reykjavíkur ehf. (GR) innan samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur (OR), sbr. úrskurð í kærumáli nr. 2/2019. Úttektin tók til tímabilsins 2016–2017 og byggði á bókhalds- og rekstrargögnum þessara

ára. Eftirlit með fjárhagslegum aðskilnaði hjá ofan- greindri fyrirtækjasamstæðu og öðrum aðilum sem falla undir 36. gr. fjarskiptalaga er viðvarandi verkefni stofnunarinnar.

Í ákvörðun PFS var það meginniðurstaða stofnunar- innar að fjárhagslegur aðskilnaður OR og GR hafi verið í samræmi við ákvæði 36. gr. fjarskiptalaga, að undanskildum lánveitingum til GR í tengslum við sjóðspott OR-samstæðunnar. PFS gerði einnig at- hugasemd við skilyrði lánastofnana í lánsamning- um GR um eignarhald OR yfir GR. PFS taldi því þörf á að setja kvaðir á GR um framkvæmd fjárhagslegs aðskilnaðar OR og GR um þessi atriði.

GR vildi ekki una þeirri kvöð sem lögð var á félagið um að fjarlægja skilmála um eignarhald OR yfir GR í lánasamningum félagsins við töku nýrra lána. Taldi félagið að með því væri farið umfram þá heimild sem fælist í 36. gr. fjarskiptalaga fyrir PFS að setja skilyrði um útfærslu á fjárhagslegum aðskilnaði. Taldi félagið m.a. að ákvæðið tæki eingöngu til lögskipta milli móðurfélags og dótturfélags, en ætti ekki við um sjálfstæðar ákvarðanir GR sem teknar væru án að- komu móðurfélagsins OR. Auk þessa taldi GR að um væri að ræða venjubundinn skilmála af hálfu lánas- stofnana sem almennt tíðkaðist um lánasamninga af þessu tagi.

Niðurstaða úrskurðarnefndar var á þá leið að ákvæði 1. mgr. 36. gr. fjarskiptalaga væri skýrt og að ekki væri tilefni til að túlka efnisinntak þess með jafn þröngum hætti og GR lagði upp með. Ákvörðun PFS var stað- fest.

#### **Úrskurður í máli nr. 3/2019 – Kæra á ákvörðun PFS nr. 14/2019, um umsókn Íslandspósts ohf. um framlag úr jöfnunarsjóði alþjónustu, er- lendar póstsendingar – 14. nóvember 2019**

Póstmarkaðurinn kærði ákvörðun PFS nr. 14/2019, þar sem stofnunin hafði fallist á að Íslandspóstur ætti rétt á framlagi úr jöfnunarsjóði alþjónustu.

Með úrskurði nefndarinnar var kærðu fyrirtækisins vísað frá þar sem fyrirtækið hafði ekki lögvarða hags- muni af úrlausn málsins.

# Yfirlit um afkomu ársins 2019

	Skýr	2019	2018
<b>Tekjur</b>			
Tekjufærsla fjárveitinga .....	2	434.800.000	379.400.000
Seld þjónusta .....	3	26.969.904	27.715.886
Framlög og ýmsar tekjur .....	4	79.341.257	96.352
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....	2	13.616.402	12.300.929
<b>Tekjur samtals</b>		<b>554.727.563</b>	<b>419.513.167</b>
<b>Gjöld</b>			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður .....	5	349.839.471	312.784.529
Annar rekstrarkostnaður .....	6	138.844.193	111.988.206
Afskriftir .....	7	13.616.402	12.300.929
<b>Gjöld samtals</b>		<b>502.300.066</b>	<b>437.073.664</b>
<b>Afkoma fyrir fjármagnsliði</b>		<b>52.427.497</b>	<b>(17.560.497)</b>
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður .....		0	118.319
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap .....		(82.929)	(50.683)
		<b>(82.929)</b>	<b>67.636</b>
<b>Afkoma ársins</b>		<b>52.344.568</b>	<b>(17.492.861)</b>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

# Efnahagsreikningur 31. desember 2019

	Skýr	31.12.2019	31.12.2018
<b>Eignir</b>			
<b>Fastafjármunir</b>			
Óefnislegar eignir .....	8	452.974	689.270
Varanlegir rekstrarfjármunir:	9		
Áhöld, tæki og búnaður .....		40.795.701	38.273.135
Farartæki og vélar .....		6.790.250	6.533.521
		<u>47.585.951</u>	<u>44.806.656</u>
<b>Fastafjármunir samtals</b>		<u>48.038.925</u>	<u>45.495.926</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Viðskiptakröfur .....	10	6.891.928	1.780.728
Tengdir aðilar .....	11	274.443.898	209.562.255
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður .....		62.014	136.987
Handbært fé .....	12	60.135.651	48.747.324
<b>Veltufjármunir samtals</b>		<u>341.533.491</u>	<u>260.227.294</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>389.572.416</u>	<u>305.723.220</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>	13		
Hrein eign .....		258.789.174	206.444.606
<b>Eigið fé samtals</b>		<u>258.789.174</u>	<u>206.444.606</u>
<b>Skuldir</b>			
Tengdir aðilar .....	11	286.900	0
Viðskiptaskuldir .....		46.154.305	15.655.073
Ýmsar skammtímaskuldir .....	14	38.895.866	36.060.968
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda .....	15	45.446.171	47.562.573
<b>Skuldir samtals</b>		<u>130.783.242</u>	<u>99.278.614</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>389.572.416</u>	<u>305.723.220</u>
<b>Aðrar upplýsingar</b>	16		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

# Sjóðstreymisyfirlit ársins 2019

	Skýr	2019	2018
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins .....		52.344.568	(17.492.861)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....	7	13.616.402	12.300.929
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....		(13.616.402)	(12.300.929)
		<u>52.344.568</u>	<u>(17.492.861)</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur .....		(5.036.227)	1.158.064
Tengdir aðilar .....		(64.594.743)	3.838.611
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir .....		33.334.130	11.537.020
		<u>(36.296.840)</u>	<u>16.533.695</u>
		<u>16.047.728</u>	<u>(959.166)</u>
<b>Handbært fé frá rekstri</b>			
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Kaupverð óefnislegra eigna .....		0	(708.961)
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna .....	9	(16.159.401)	(8.324.392)
		<u>(16.159.401)</u>	<u>(9.033.353)</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Fjárfestingarframlag .....		11.500.000	11.100.000
		<u>11.500.000</u>	<u>11.100.000</u>
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>			
Handbært fé í byrjun árs .....		11.388.327	1.107.481
		<u>48.747.324</u>	<u>47.639.843</u>
		<u>60.135.651</u>	<u>48.747.324</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

# Skráð fjarskiptafyrirtæki í lok árs 2019

Nafn	Skráð dags	Starfsemi
1819 - Nýr valkostur ehf.	20.6.2014	Upplýsingaþjónusta um símanúmer
Ábótinn ehf.	28.3.2003	Gagnaflutningsnet og -þjónusta
Advania Ísland ehf.	17.4.2002	Gagnaflutningsþjónusta
Alþingi	23.3.2015	Hljóðvarps- og/eða sjónvarpsdreifing
Alza ehf.	1.9.2017	Gagnaflutningsþjónusta um þráðlaus net og fastanet
Árvakur hf.	26.1.2015	Upplýsingaþjónusta um símanúmer
Ásaljós	18.8.2015	Rekstur fastlínu fjarskiptanets
Austurljós ehf.	5.3.2015	Gagnaflutningsnet og -þjónusta
Backbone ehf.	25.8.2010	Gagnaflutningsnet og -þjónusta
Bloomberg Finance L.P.	19.7.2007	Leigulínuþjónusta og almennt fjarskiptanet
Boðleið þjónusta ehf.	1.12.2015	Talsímaþjónusta, farsímaþjónusta og rekstur fastlínu fjarskiptanets
Brimrún ehf.	3.4.2008	Gagnaflutningsþjónusta um gervitungl
BT Solutions Limited, útibú á Íslandi	28.7.2014	Gagnaflutningsþjónusta
CenturyLink Iceland ehf.	1.12.2015	Rekstur fjarskiptanets og gagnaflutningsþjónustu
Colt Technology Services AB	29.9.2015	Gagnaflutningsþjónusta
Cronus ehf.	1.10.2019	Hljóðvarps- og/eða sjónvarpsdreifing
Cubic Telecom Ltd.	9.8.2018	Rekstur fastlínu- og þráðlauss fjarskiptanets og gagnaflutningsþjónusta um þráðlaus net
Dalaveitur ehf.	14.2.2017	Rekstur fastlínu fjarskiptanets
DataBox ehf.	13.12.2010	Talsímaþjónusta og fjarskiptanet
Davíð og Góliát ehf.	3.5.2010	Talsíma- og gagnaflutningsþjónusta
DCN Hub ehf.	10.12.2012	Farsíma- og gagnaflutningsþjónusta
DIDWW Ireland Limited	19.12.2012	Gagnaflutnings- og talsímaþjónusta
Digriklettur ehf.	1.4.2019	Rekstur fastlínu fjarskiptanets
DVD-Margmiðlun ehf.	6.2.2004	Rekstur breiðbandskerfis fyrir útvarpsdreifingu
Eyja- og Miklaholtshreppur	29.9.2015	Rekstur fastlínu fjarskiptanets
Factor ehf.	30.5.2013	Gagnaflutningsnet og -þjónusta
Farice ehf.	2.9.2003	Sæstrengur
Ferðaþjónustan Húsafelli ehf.	23.4.2018	Rekstur fastlínu fjarskiptanets
Feris ehf.	6.1.2014	Gagnaflutningsþjónusta
Fjarskiptafélag Mývatnssveitar ehf.	10.4.2017	Gagnaflutningsþjónusta um fastanet
Fjarskiptafélag Reykholahrepps	9.8.2018	Rekstur fastlínu fjarskiptanets
Fjarskiptafélag Skagabyggðar	8.6.2016	Gagnaflutningsnet
Fjarskiptafélag Skeiða- og Gnúpverjahrepps ehf.	8.3.2013	Gagnaflutningsnet
Fjarskiptafélag Svalbarðshrepps ehf.	14.2.2017	Rekstur fastlínu fjarskiptanets
Fjölnet ehf.	26.10.2001	Talsíma-, gagnaflutningsþjónusta og fjarskiptanet
Gagnaveita Helgafellssveitar ehf.	18.8.2015	Rekstur fastlínu fjarskiptanets
Gagnaveita Hornafjarðar ehf.	13.2.2013	Fjarskiptanet
Gagnaveita Reykjavíkur ehf.	23.3.2007	Gagnaflutningsnet og -þjónusta
Gagnaveita Suðurlands ehf.	9.12.2013	Gagnaflutningsþjónusta
Gagnaveitan ehf.	8.6.2011	Fjarskiptaþjónusta
GlobalCall ehf.	4.9.2008	Talsímaþjónusta
Halló ehf.	23.5.2014	Upplýsingaþjónusta um símanúmer

Hátíðni hf.	24.1.2001	Talsíma-, gagnaflutningsþjónusta og fjarskiptanet
Hitaveita Drangsness	28.3.2019	Rekstur fastlínu fjarskiptanets
Hitaveita Egilsstaða/Fella ehf.	11.9.2018	Rekstur fastlínu- og þráðlauss fjarskiptanets, gagnaflutningsþjónusta um þráðlaus- og fastanet og hljóðvarps- og/eða sjónvarpsdreifing
Hitaveita Tálknafjarðarhrepps w ehf.	24.6.2015 24.10.2017	Gagnaflutningsþjónusta um fastanet Hljóðvarps- og/eða sjónvarpsdreifing
Hópkaup ehf.	28.4.2015	Upplýsingaþjónusta um símanúmer
Hótel Laki ehf.	10.4.2017	Rekstur fastlínu fjarskiptanets
Hrafنشóll ehf.	30.1.2019	Rekstur fastlínu fjarskiptanets
Hringdu ehf.	9.11.2010	Talsíma- og gagnaflutningsþjónusta
Hringiðan ehf./Vortex Inc.	3.12.1998	Talsíma-, gagnaflutningsþjónusta og fjarskiptanet
Húnanet ehf.	23.10.2017	Rekstur fastlínu fjarskiptanets
Hvalfjarðarsveit	31.3.2014	Fjarskiptanet
Icelandair ehf.	14.2.2014	Fjarskiptanet
IMC Ísland ehf.	27.6.2000	DCS 1800 farsímaþjónusta
Internet á Íslandi hf.	3.2.1998	Fjarskiptanet, talsíma- og gagnaflutningsþjónusta
Isavia ohf.	30.12.2010	Talþjónusta við flugvélar og rekstur fastlínu fjarskiptakerfis
Já hf.	21.11.2007	Útgáfa síma- og vistfangaskrár. Símaupplýsingaþjónusta
Kukl ehf.	20.3.2009	Talsíma-, gagnaflutningsþjónusta og fjarskiptanet
Landhelgisgæsla Íslands	1.1.2011	Rekstur og útleiga NATO ljósleiðarastrengs
Leiðarljós ehf.	14.2.2017	Rekstur fastlínu fjarskiptanets
Líf í Mýrdal ehf.	15.9.2014	Rekstur fastlínu fjarskiptanets
Lindin, kristið útvarp	26.1.2015	Hljóðvarps- og/eða sjónvarpsdreifing
Ljós og gagnaleiðari ehf.	10.8.2009	Gagnaflutningsnet
Ljósfesti ehf.	19.12.2016	Rekstur fastlínu fjarskiptanets
Ljósleiðari Borgarbyggðar	18.10.2019	Rekstur fastlínu fjarskiptanets
Ljóspunktur ehf.	24.10.2017	Rekstur fastlínu fjarskiptanets
Loki Telecom ehf.	4.5.2015	Rekstur fastlínu- og þráðlauss fjarskiptanets, gagnaflutningsþjónusta um þráðlaus- og fastanet og hljóðvarps- og/eða sjónvarpsdreifing
Lýsir ehf.	20.12.2019	Rekstur þráðlauss fjarskiptanets
Magnavík ehf.	1.4.2004	Gagnaflutningsþjónusta
Martölvan ehf.	26.11.2007	Talsíma, gagnaflutningsþjónusta og fjarskiptanet
Míla ehf.	4.4.2007	Fjarskiptanet
Mobiweb Telecom Limited	19.12.2016	Farsímaþjónusta
Nepal hugbúnaður ehf.	21.2.2005	Gagnaflutningsþjónusta og þráðlaust fjarskiptanet
Netvarp og Sport ehf.	18.7.2017	Hljóðvarps- og/eða sjónvarpsdreifing
Netvöktun ehf.	9.8.2018	Talsímaþjónusta, rekstur fastlínu og þráðlauss fjarskiptanets og gagnaflutningsþjónusta um fasta- og þráðlaus net
Neyðarlínan ohf.	6.10.1999	Talsímaþjónusta/neyðarsímsvörðun
Nordic Networks ehf.	24.11.2016	Sæstrengur og gagnaflutningsþjónusta
Nova hf.	12.7.2006	Talsíma- og gagnaflutningsþjónusta
OnAir S.A.R.L.	29.4.2008	Farsímaþjónusta um borð í flugvélum (MCA)
Opin kerfi hf.	25.2.2011	Gagnaflutningsþjónusta
Origo hf.	12.12.2011	Gagnaflutningsþjónusta
Orkufjarskipti hf.	26.10.2001	Fjarskiptanet
Premis ehf.	24.10.2017	Tal- og farsímaþjónusta, rekstur þráðlauss og fastlínu fjarskiptanets og gagnaflutningsþjónusta um fastanet og þráðlaus net
Protecion ehf.	5.3.2018	Rekstur fastlínu fjarskiptanets
Rafey ehf.	18.8.2015	Rekstur fastlínu fjarskiptanets
Rangárljós	29.8.2016	Rekstur fastlínu fjarskiptanets
Refinitiv Norge A/S	1.9.2017	Gagnaflutningsþjónusta um fastanet
Ríkisútvarpið ohf.	29.7.1997	Fjarskiptaþjónusta: Hljóðvarp og sjónvarp
Sensa ehf.	19.12.2016	Gagnaflutningsþjónusta um fastanet
Síminn hf.	30.7.1998	Talsímaþjónusta, GSM, gagnaflutningsnet o.fl.
Sjónvarpsmiðstöðin ehf.	8.10.2009	Gagnaflutningsþjónusta
Snerpa ehf.	17.8.2000	Fjarskiptanet/ tal- og gagnaflutningsþjónusta

Splitti ehf.	8.7.2019	Talsíma- og farsímaþjónusta, gagnaflutningsþjónusta um fastanet og þráðlaus net og upplýsingaþjónusta um símanúmer
Stöð 5 ehf.	1.10.2019	Talsíma- og farsímaþjónusta
Sumarsól ehf.	1.12.2015	Upplýsingaþjónusta um símanúmer
Sýn hf.	27.3.2007	Talsímaþjónusta, farsímaþjónusta, gagnaflutningsþjónusta og fjarskiptanet
Tech Support á Íslandi	3.3.2017	Talsímaþjónusta, gagnaflutningsþjónusta um fastanet og þráðlaus net
TELE Greenland A/S	24.6.2008	Sæstrengur
Tengir hf.	20.9.2002	Ljósleiðaranet
Tismi BV	5.3.2015	Tal- og farsímaþjónusta
TRS ehf.	29.3.2004	Gagnaflutningsþjónusta
Truphone Limited	22.11.2017	Farsímaþjónusta og gagnaflutningsþjónusta um þráðlaus net
TSC ehf.	18.1.2002	Talsíma-, gagnaflutningsþjónusta og fjarskiptanet
Twilio Ireland Limited	12.7.2019	Talsíma- og farsímaþjónusta, gagnaflutningsþjónusta um fastanet og þráðlaus net og rekstur fastanets og þráðlauss nets
Tölvun ehf.	25.4.2003	Gagnaflutningsnet og -þjónusta
Tölvustöð ehf.	15.4.2009	Gagnaflutningsþjónusta
Vengo ehf.	18.10.2019	Gagnaflutningsþjónusta um fastanet
Yellow Mobile B.V.	18.7.2017	Talsíma- og farsímaþjónusta, rekstur fastlínu- og þráðlauss fjarskiptanets og gagnaflutningsþjónusta um um fastanet og þráðlaus net
Zendesk International Limited	9.8.2018	SMS og VoIP-þjónusta í gegnum ský
Þekking - Tristan hf.	16.1.2004	Gagnaflutningsnet og -þjónusta
Þorvaldur Stefánsson	14.10.2014	Flutningur skipaþjónustugagna
Örugg afritun ehf.	18.10.2019	Gagnaflutningsþjónusta um fastanet
Öryggisfjarskipti ehf.	6.10.2008	Fjarskiptaþjónusta og fjarskiptanet/TETRA





